



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Samráð um drög að skilmálum

Uppboðs

**á tíðniréttindum á 700 MHz, 800 MHz, 2100 MHz og 2600 MHz
tíðnisviðunum**

2017

Efnisyfirlit

1 Skilyrði fyrir þátttöku í uppboði.....	5
1.1 Fjárhagsleg skilyrði fyrir þátttöku.....	5
1.1.1 Eigið fé aðila	5
1.1.2 Trygging fyrir sektum.....	6
1.2 Skilyrði um tæknilega getu	6
1.3 Vanefndir á skilmálum í fyrri úthlutunum.	6
2 Uppboðsandlag.....	7
2.1 Almennt	7
2.2 Tíðniheimildir á 700 og 800 MHz tíðnisviðinu	7
2.2.1 Tíðniheimildir A, B, C og D	7
2.2.2 Útbreiðslu og uppbyggingarkröfur	8
2.2.3 Tímasett áætlun tíðnirétthafa um uppbyggingu	13
2.2.4 Vanefndir við að uppfylla útbreiðslukröfur	13
2.2.5 Afsláttur af verði tíðniheimilda á 700 og 800 MHz tíðnisviðinu	14
2.2.6 Lágmarks kröfur um gæði háhraða farnetsþjónustu	14
2.3 Tíðniheimildir á 2100 MHz tíðnisviðinu	17
2.3.1 Tíðniheimildir E, F og G.....	17
2.3.2 Útbreiðslu og uppbyggingarkröfur	18
2.3.3 Takmörkun á fjölda tíðniheimilda	18
2.3.4 Nýting tíðnisviðsins.....	18
2.4 Tíðniheimildir á 2600 MHz tíðnisviðinu	19
2.4.1 Tíðniheimildir H, I, J, K og L.....	19
2.4.2 Útbreiðslu og uppbyggingarkröfur	19
2.4.3 Takmörkun á fjölda tíðniheimilda	19
2.4.4 Nýting tíðnisviðsins.....	20
2.5 Hámarksúthlutun á tíðniheimildum	20
2.6 Samnýting tíðnisviða og samstarf aðila	20
2.6.1 Samstarf aðila til uppbyggingar dreifikerfis.....	20
2.6.2 Samnýting tíðna.....	21
3 Skráning til þátttöku í uppboði.....	21
3.1 Skráningarfrestur.....	21
3.2 Skráningargögn.....	21
3.2.1 Þátttökublað.....	21

3.2.2 Þátttökugjald	22
3.2.3 Önnur skráningargögn	22
3.2.4 Aðrar upplýsingar sem skal veita	23
3.2.5 Takmarkanir á þátttöku í uppboð	23
3.2.6 Tengdir aðilar	23
3.3 Réttmæti upplýsinga	23
3.3.1 Heimild PFS til að staðreyna upplýsingar	23
3.3.2 Ósk PFS um frekari gögn	24
3.3.3 Stjórnendur og helstu eigendur umsækjanda	24
3.3.4 Breytingar á högum umsækjanda	24
3.3.5 Rangar eða ófullnægjandi upplýsingar	24
3.4 Trúnaður	24
3.5 Ákvörðun PFS um þátttöku aðila	24
3.5.1 Tilkynning PFS um þátttöku aðila	24
3.5.2 Synjun PFS á þátttöku aðila	25
4 Framkvæmd uppboðs	25
4.1 Almennt	25
4.2 Rafrænn búnaður	25
4.3 Tilhögun uppboðs	25
4.3.1 Lágmarksfjárhæð og gild boð	25
4.3.2 Uppboðsumferðir	26
4.3.3 Lok framkvæmdar uppboðs með niðurtalningu uppboðsumferða	26
4.3.4 Lok framkvæmdar uppboðs samkvæmt ákvörðun	27
4.4 Ógilding uppboðsumferða	27
4.5 Úrvinnsla framkvæmdar uppboðs	28
5 Kæruheimild	28
6 Útgáfa tíðniheimilda	28
6.1 Almennt	28
6.2 Greiðsla eftirstöðva þátttökugjalds	29
6.3 Greiðsla fyrir tíðniheimild	29
7 Samningsbundnar sektir og önnur skilyrði	29
7.1 Bann við að tefja eða hindra framgang uppboðs	29
7.2 Bann við ólögsmætu samráði bjóðenda	29
7.3 Skuldbindingargildi boða	29

7.4 Brot á ákvæðum skilmála o.fl.	30
7.5 Sektir.....	30
7.5.1 Fjárhæð sekta vegna brota á skilmálum.....	30
7.5.2 Fjárhæð sektar vegna vanefnda á greiðslu hæsta boðs	30
7.5.3 Greiðslur sekta.....	30
7.6 Takmörkun bótaábyrgðar PFS	30
8 Efnisatriði í skilmálum tíðniheimilda	31
8.1 Almennt um skilyrði tíðniheimilda	31
8.2 Skilvirk nýting tíðna	31
8.3 Nýting tíðnisviðsins.....	31
8.4 Breytingar og afturköllun á tíðniheimild	32
8.5 Eftirlit með tíðnirétthafa	32
8.6 Fjarskiptavirki	33
8.7 Netbúnaður og truflanir	33
8.8 Skilyrði vegna útgeislunar og umhverfis	33
Viðauki 1	34
Viðauki 2	36
Viðauki 3	37
Viðauki 4	38

~~1 Samráð um fyrirhugaða uppboðsskilmála~~

~~Póst og fjarskiptastofnun (PFS) mun, samkvæmt heimild innanríkisráðherra, dags. 27. september 2016, sbr. einnig 7. mgr. 11. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti og V. kafla reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum, halda uppboð á nýtingu tíðna á 700 MHz, 2100 MHz og 2600 MHz tíðnisviðunum.~~

~~Í samráðsskjali þessu verður greint frá skilmálum fyrirhugaðs uppboðs á umræddum fjarskiptatíðnum. Taka skilmálarnir til hæfisskilyrða þátttakenda, skuldbindinga sem fylgja tíðniréttindunum, framkvæmd uppboðsins og úrvinnslu þess.~~

~~Gæta skal að því að skilmálar og skuldbindingar sem fylgja tíðniréttindunum eru mismunandi eftir því hvaða tíðnisvið á í hlut. PFS hvetur umsagnaraðila til að gera skilmerkilega grein fyrir því að hvaða tíðnisviði athugasemdirnar beinast og vísa til viðeigandi kafla samráðsskjalsins eftir því sem kostur er. Jafnframt er æskilegt að athugasemdir sem ekki beinast að tilteknum skilmálum uppboðsins komi fram í kafla um almennar athugasemdir í umsögninni.~~

~~Mælst er til þess að efnisumfjöllun umsagna sé í sömu röð og í drögum þessum. Óþarft er að fjalla um kafla sem umsagnaraðili hefur ekki athugasemdir við.~~

~~Æskilegt er að umsagnaraðilar sem telja að gera ætti breytingar á skilmálum, setji fram tillögur um breytt orðalag.~~

~~PFS mun birta umsagnir umsagnaraðila í heild sinni, en verða við rökstuddum óskum aðila um trúnað tiltekinna upplýsinga, sem rétt þykir að leynt fari. Samráðinu mun síðan ljúka með birtingu PFS á samantekt umsagna og afstöðu stofnunarinnar til sjónarmiða hagsmunaaðila.~~

1 Skilyrði fyrir þátttöku í uppboði

1.1 Fjárhagsleg skilyrði fyrir þátttöku

1.1.1 Eigið fé aðila

Aðili sem óskar þátttöku í uppboði á 700 eða 800 MHz tíðnisviðinu skal gera sundurliðaða fjárfestingaráætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda í samræmi við útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur sem gerðar eru á tíðniheimildum A-C2 á 700 eða 800 MHz tíðnisviðinu. Þá skal aðili leggja fram fullnægjandi gögn í umsókninni sem sýni fram á að eigið fé hans, skv. ársreikningi, endurskoðuðum og árituðum af löggiltum endurskoðanda, fyrir árið 2015 hafi ekki verið undir 300 milljónum króna í árslok 2015.

Aðili sem eingöngu óskar þátttöku í uppboði á 2100 MHz og 2600 MHz tíðnisviðunum skal leggja fram fullnægjandi gögn í umsókninni sem sýna fram á að eigið fé hans, skv. ársreikningi, endurskoðuðum og árituðum af löggiltum endurskoðanda, fyrir árið 2015 hafi ekki verið undir 25 milljónum króna í árslok 2015.

Ef aðili getur ekki sýnt fram á framangreindar fjárhæðir eigin fjár í árslok 2015 er honum heimilt þess í stað að leggja fram bankaábyrgð fyrir þeirri upphæð sem er lágmarksboð fyrir þær tíðniheimildir sem hann hyggst bjóða í. Skal sú bankaábyrgð gilda til 31. desember 2017, sbr. fyrsta áfanga í almennum útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum, sbr. kafla 3.2.2.1. PFS áskilur sér rétt til þess að kanna réttmæti og trúverðugleika bankaábyrgðar og hafna umsókn um þátttöku sé bankaábyrgð ekki á rökum reist.

1.1.2 Trygging fyrir sektum

Með umsókn um þátttöku skulu aðilar jafnframt leggja fram bankaábyrgð að fjárhæð 15.000.000,- kr. sem skal vera trygging fyrir greiðslu sekta komi til þess að PFS taki ákvörðum um að leggja þær á aðila á grundvelli skilmála þessara. PFS er heimilt að gjaldfella bankaábyrgðina sé brotið gegn bannákvæðum 8. kafla, þáttökugjald eða boðsfé sé ekki greitt, eða mikilvægar upplýsingar er varða bjóðanda, sem hafa áhrif á þátttöku aðila í uppboðinu eða niðurstöðu þess, reynist rangar eða villandi samkvæmt köflum 3 og 4.

PFS áskilur sér rétt til þess að kanna réttmæti og trúverðugleika bankaábyrgðar og hafna umsókn um þátttöku sé bankaábyrgðin ekki fullgild.

Falli bankaábyrgðin úr gildi eða hún dregin til baka áður en uppboðinu lýkur, samkvæmt 7. kafla, bresta skilyrði fyrir þátttöku bjóðanda í uppboðinu og missir hann þá sjálfkrafa þátttökurétt í því. Að öðru leyti gildir bankaábyrgðin þar til að PFS hefur gefið út tíðniheimildir í uppboðinu og formlega lýst því loknu.

1.2 Skilyrði um tæknilega getu

Aðili sem óskar þátttöku og hyggst bjóða í tíðniheimildir á 700 MHz tíðnisviðinu skal sýna fram á að hann hafi nægilega tæknilega þekkingu, reynslu og getu til að byggja upp og reka fjarskiptanet til að halda uppi háhraðafarnetsþjónustu og standa við þær útbreiðslu- og uppbyggingakröfur sem settar eru fram í skilmálum þessum. Skal aðili gera grein fyrir reynslu sinni af stafrænum farnetskerfum auk starfsreynslu og menntun lykilmanna í starfsrækslu þriðju og fjórðu kynslóðar fjarskiptanetsins og þjónustu tengdri því. Jafnframt skal aðili gera grein fyrir hvaða undirverktaka hann hyggur á samstarf við, ef við á.

Aðili sem óskar þátttöku og hyggst einungis bjóða í tíðniheimildir á 2100 MHz og 2600 MHz tíðnisviðunum skal gera grein fyrir með hvaða hætti hann hyggst nota umræddar tíðnir. Þá skal hann sýna fram á að hann búi yfir nægilegri tæknilegri þekkingu og getu til að geta nýtt tíðnirnar með umræddum hætti. Skal aðili jafnframt gera grein fyrir reynslu sinni af umræddu sviði og starfsreynslu og menntun lykilmanna. Jafnframt skal aðili gera grein fyrir hvaða undirverktaka hann hyggur á samstarf við, ef við á.

Áskilur PFS sér rétt til að afla frekari upplýsinga um tæknilega getu aðila sem óskar þátttöku í uppboði og hafna ósk viðkomandi telji stofnunin skorta verulega á tæknilega burði til að uppfylla þær útbreiðslukröfur sem gerðar eru samkvæmt skilmálum þessum, eða stofnunin telur viðkomandi ekki hafa næga þekkingu eða burði til að byggja upp háhraðafarnetsþjónustu eða aðili verður ekki við beiðni stofnunarinnar um að afhenda ítarlegri gögn eða upplýsingar um tæknilega getu sína. Við mat á framangreindu mun PFS m.a. líta til starfsreynslu og menntunar lykilstarfsmanna viðkomandi sem og undirverktaka, ef við á. Þá mun PFS líta til annarra málefnalegra sjónarmiða.

1.3 Vanefndir á skilmálum í fyrri úthlutunum.

Aðilum sem hafa vanefnt skilmála fyrri úthlutunar tíðniréttinda svo verulega að komið hafi til ákvörðunar PFS um dagsektir eða afturköllun réttinda er óheimil þátttaka í uppboði þessu.

2 Uppboðsandlag

2.1 Almenn

Boðnar verða upp ~~tvær samtals þrjár~~ 2x10 MHz tíðniheimildir á 700 MHz tíðnisviðinu (alls ~~460~~ MHz), ~~tvær 2x5 MHz tíðniheimild á 800 MHz tíðnisviðinu (alls 20 MHz)~~, þrjár 2x5 MHz tíðniheimildir á 2100 MHz tíðnisviðinu (alls 30 MHz), og tvær 2x20 MHz og þrjár 2x10 MHz tíðniheimildir á 2600 MHz tíðnisviðinu (alls 140 MHz). Umrædd tíðnisvið skal nýta fyrir háhraða farnetsþjónustur, en eru að öðru leyti tæknilega hlutlaus. Háhraða farnetsþjónusta getur innfalið þjónustu sem fellst í samskiptum við tæki (M2M), en vegna skilyrða sem sett eru um þjónustuframboð á 700 MHz og 800 MHz tíðnisviðunum er ekki heimilt að nota þau eingöngu fyrir slíka þjónustu.

Tíðniheimildirnar fela í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota en leiða hvorki til eignarréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar yfir hlutaðeigandi tíðnisviði. Heimildirnar eru ekki framseljanlegar, hvorki að hluta né í heild.

2.2 Tíðniheimildir á 700 og 800 MHz tíðnisviðinu

2.2.1 Tíðniheimildir A, B, C og D

Á 700 MHz tíðnisviðinu verða boðnar upp ~~tvær þrjár~~ tíðniheimildir, A ~~og~~ B ~~og C sem~~ fela í sér heimild til nýtingar á 2x10 MHz á ~~700 MHz tíðnisviðinu~~ fyrir háhraða farnetsþjónustu, að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í skilmálum þessum, til 15 ára frá útgáfu þeirra.

703-713/758-768	713-723/768-778	723-733/778-788
A	B	C
2x10 MHz	2x10 MHz	2x10 MHz

713-723/768-778	723-733/778-788
A	B2*
2x10 MHz	2x10 MHz

~~*Tíðniheimildin er auðkennd B2 til aðgreiningar frá tíðniheimild B á 800 MHz frá 2013~~

Á 800 MHz tíðnisviðinu verða boðnar upp tvær tíðniheimildir, C og D sem fela í sér heimild til nýtingar á 2x5 MHz á fyrir háhraða farnetsþjónustu, að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í skilmálum þessum, til 15 ára frá útgáfu þeirra.

791-796/832-837	796-801/837-842
C2	D2
2x5 MHz	2x5 MHz

~~*Tíðniheimildirnar eru auðkenndar C2 og D2 B2 til aðgreiningar frá tíðniheimildum C og D á 800 MHz frá 2013~~

Lágmarksboð í tíðniheimildir A ~~og B-og-C~~ eru, skv. 7. mgr. 11. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, sbr. 5. tl. 1. mgr. 14. gr. a, í lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, ~~er~~ að fjárhæð kr. 35.000.000.

Lágmarksboð í tíðniheimildir C og D eru, skv. 7. mgr. 11. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, sbr. 5. tl. 1. mgr. 14. gr. a, í lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, að fjárhæð kr. 17.500.000.

Gerðar eru ákveðnar lágmarkskröfur um uppbyggingu á háhraðafarnetsþjónustu í tíðniheimildum A-~~DE~~ á 700 og 800 MHz tíðnisviðinu sem tíðnirétthafi skuldbindur sig til að uppfylla með boði sínu í hlutaðeigandi tíðniheimildir.

Sömu útbreiðslu- og uppbyggingakröfur eiga við allar ~~fjórarþrjár~~ tíðniheimildirnar A, B₁-~~og-C~~ og D. Um er að ræða ~~tvennsþrenns~~ konar kröfur, þ.e. *í fyrsta lagi* almennar stigskiptar útbreiðslu- og uppbyggingakröfur og í öðru lagi sérstakar uppbyggingakröfur á strjálbýlum svæðum í byggð og í þriðja lagi sértækar kröfur um útbreiðslu á landvæði utan byggðar.

23.2.2 Útbreiðslu og uppbyggingakröfur

23.2.2.1 Almennar kröfur til útbreiðslu og hraða háhraða farnetsþjónustu

Tíðnirétthafi að einni eða fleiri tíðniheimildum A-~~D2E~~, sem nú þegar hefur aðgang að tíðniréttindum á 800 og/eða 900 MHz tíðnisviðunum, skuldbindur sig til að tryggja að 95% lögheimila og vinnustaða á landinu öllu standi til boða háhraðafarnetsþjónusta með 10 Mb/s gagnaflutningshraða þann 31. desember 201~~87~~. Þá skuldbindur tíðnirétthafi sig til að tryggja að ~~978%~~ lögheimila og vinnustaða, á landinu öllu, standi til boða háhraðafarnetsþjónusta með 30 Mb/s gagnaflutningshraða þann 31. desember 202~~00~~. og að 99% lögheimila og vinnustaða, á landinu öllu, standi til boða háhraðafarnetsþjónusta með 50 Mb/s gagnaflutningshraða þann 31. desember 2022.

Almennar útbreiðslu- og uppbyggingakröfur		
Hlutfall*	Dagsetning	Hraði
95,0%	31.des.17	10 Mb/s
98,0%	31.des.20	30 Mb/s

* *Hlutfall lögheimila og vinnustaða óháð landssvæði*

Almennar útbreiðslu- og uppbyggingakröfur		
<u>Hlutfall*</u>	<u>Dagsetning</u>	<u>Hraði</u>
<u>95,00%</u>	<u>31.des.18</u>	<u>10 Mb/s</u>
<u>97,00%</u>	<u>31.des.20</u>	<u>30 Mb/s</u>
<u>99,00%</u>	<u>31.des.22</u>	<u>50 Mb/s</u>

* *Hlutfall lögheimila og vinnustaða óháð landssvæði*

Sé um að ræða nýjan tíðnirétthafa, sem ekki býr nú þegar að tíðniréttindum á 800 og/eða 900 MHz tíðnisviðinu skal almenn uppbyggingarkrafa vera þessi:

Almennar útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur – Nýr aðili		
Hlutfall*	Dagsetning	Hraði
60%	1.sept.17	10 Mb/s
80%	1.júl.18	30 Mb/s
95%	31.des.20	30 Mb/s
98%	31.des.22	30 Mb/s

**Hlutfall lögheimila og vinnustaða óháð landssvæði*

Almennar útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur		
Hlutfall*	Dagsetning	Hraði
60,00%	1.sep.18	10 Mb/s
80,00%	1.sep.19	30 Mb/s
95,00%	31.des.21	30 Mb/s
99,00%	31.des.23	30 Mb/s

** Hlutfall lögheimila og vinnustaða óháð landssvæði*

Tíðniréttihöfum á 700 og 800 MHz tíðnisviðinu verður heimilt að uppfylla almennar kröfur um útbreiðslu og uppbyggingu og lágmarkshraða með nýtingu annarra tíðna sem þeir eru réttthafar að, að því tilskyldu að umræddar tíðnir á 700 eða 800 MHz tíðnisviðinu séu nýttar til að ná a.m.k. 570% útbreiðslu- og uppbyggingarkrafna við lok hvers áfanga.

3.2.2.2 Sértaekar kröfur um uppbyggingu háhraðanets í strjálbýli

Tíðniréttihafi, að einni eða fleiri tíðniheimildum A-C, skuldbindur sig til að bjóða upp háhraða farnetsþjónustu til allra lögheimila og vinnustaða, sem fengið hafa ljósleiðaratengingu í sveitarfélögum þar sem byggt hefur verið upp staðbundið net ljósleiðaraheimtauga í átaki ríkis og sveitarfélaga um ljósleiðarvæðingu landsins á árunum 2016-2020, eigi síðar en 18 mánuðum frá því að slíkt ljósleiðaranet eru tekin til notkunar í viðkomandi sveitarfélagi.

Hér er einungis um að ræða þau lögheimili og vinnustaði í viðkomandi sveitarfélögum sem njóta ekki háhraða farnetsþjónustu þegar staðbundið ljósleiðaranet hefur verið tekið í notkun. Þá skal tekið fram að ekki er gerð krafa um landfræðilega útbreiðslu þjónustunnar í viðkomandi sveitarfélögum samkvæmt þessari kröfu og því er heimilt að styðjast við tækni sem býður upp á hnitmiðaða útbreiðslu háhraðanetsþjónustu til heimila og vinnustaða sem fengið hafa ljósleiðaratengingu.

Uppbyggingarkrafa samkvæmt þessum kafla er í gildi þar til 99% útbreiðslu hefur verið náð á landinu öllu eða til 31. desember 2020.

Hin sértæka krafa um uppbyggingu samkvæmt kafla þessum gildir fyrir allar tíðniheimildir á 700 MHz tíðnisviðinu. Ef til þess kemur að bjóðandi hreppi tvær tíðniheimildir á 700 MHz tíðnisviðinu fylgja uppbyggingarkröfurnar hvorri tíðniheimild fyrir sig. Til að koma í veg fyrir að allir tíðniréttthafar séu skuldbundnir til að tryggja að háhraða farnetsþjónusta, með tilgreindum gagnaflutningshraða, standi til boða í sömu sveitarfélögum mun einungis vera gerð krafa um að einn tíðniréttihafi byggi upp í sveitarfélagi þar sem staðbundið ljósleiðaranet hefur verið tekið í notkun.

~~Framkvæmdin verður með þeim hætti að PFS tekur við tilkynningum sveitarfélaga um uppbyggingu og starfrækslu á staðbundnu ljósleiðaraneti. PFS greinir stöðu útbreiðslu á háhraða farnetsþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi og ákveður hvort skilyrði fyrir uppbyggingu séu fyrir hendi og til hversu margra lögheimila og vinnustaða hún skuli ná. Tekinn er saman listi yfir þau sveitarfélög sem uppfylla skilyrðin og útbúinn svo kallaður staðarlisti fyrir hvert og eitt þeirra. Við lok hvers árs úthlutar PFS uppbyggingarkröfum til tíðnirétthafanna sem skal lokið fyrir 1. júlí næsta árs. Leitast verður við, eftir því sem kostur er, að skipta skuldbindingum um útbreiðslu í jafna hluta með tilliti til uppbyggingar og rekstrarkostnaðar, auk þess sem gætt verður hagkvæmni og hagræðis við landfræðilega skiptingu útbreiðsluskuldbindinganna. Með þessu verða til þrír pakkar af uppbyggingarkröfum. Tíðnirétthafar draga síðan um hvaða pakka útbreiðsluskuldbindinga þeir fá í sinn hlut. Tíðnirétthöfum verður heimilt að skiptast á útbreiðsluskuldbindingum eða sameinast um að hrinda þeim í framkvæmd.~~

~~Varðandi þau sveitarfélög sem þegar hafa verið ljósleiðaravædd fyrir útgáfu tíðniheimildanna og búa ekki við háhraða farnetsþjónustu mun uppbygging skiptast jafnt á milli tíðnirétthafa með framangreindum hætti. Dregið verður um úthlutun á uppbyggingarkröfum við lok árs 2016 sem skal vera lokið fyrir 1. júlí 2017.~~

~~Tíðnirétthafi skal bjóða öðrum tíðnirétthöfum á 700 MHz tíðnisviðinu reiki í farneti sem byggt er upp samkvæmt skilmálum þessa kafla. Skal reikiþjónustan að lágmarki ná til gagnaflutningsþjónustu í farneti.~~

~~Sérstakar kröfur um uppbyggingu, samkvæmt kafla þessum, gilda jafnt fyrir starfandi farnetsrekendur og nýja tíðnirétthafa.~~

~~Hraði á háhraða farnetsþjónustu samkvæmt uppbyggingarkröfum þessa kafla skal vera sá sami og á við um almennu útbreiðslukröfuna.~~

23.2.2.32 Kröfur um uppbyggingu og þjónustuhraða háhraðanets utan byggðar

Tíðnirétthafi, að einni eða fleiri tíðniheimildum A-DE, skuldbindur sig til að byggja upp eða uppfæra sendaaðstöður svo hægt sé að veita háhraða farnetsþjónustu með 10 Mb/s gagnaflutningshraða og talsambandi á tilteknum stöðum utan byggðar. Viðkomandi tíðnirétthafa ber einnig að tryggja að þjónustan verði í boði frá því að uppbyggingu á viðkomandi stað á að vera lokið og út gildistíma tíðniheimildarinnar. Um er að ræða eftirfarandi svæði:

Verðflokkur	Heiti	Nr. á korti	Nýr staður	Einkunn
5-15 milljónir	Gestreiðarstaðaháls	9	Nei	7
	Krafla	6	Nei	8
	Laufafell	8	Nei	8
	Bervíkurhraun	1	Já	8.5
	Selvogur	2	Nei	9
	Vegaskarð - Sauðahnjúkur	3	Nei	9
	Hvammshlíðarfjall	4	Nei	9
	Brekkumúli	5	Nei	9
	Bjarnarhafnarfjall	7	Nei	9
15-25 milljónir	Mjóifjörður	14	Já	3
	Sunnalsfjall	10	Nýtt mastur	6
	Kerlingarfjöll	11	Nei	6
	Fellsendi	13	Já	8
	Skötufjörður	12	Já	8.5
	Giljahólar	15	Já	9.5
25-50 milljónir	Ísafjörður	16	Já	6.5
	Hestfjörður	17	Já	7
	Strútur	19	Já	8
	Jökultungur	18	Já	8.5

Samkvæmt töflunni hér að ofan er sendastöðum skipt í þrjá verðflokka, auk þess sem PFS hefur gefið hverjum sendastað einkunn sem m.a. byggði á upplýsingum um umferð um viðkomandi svæði, mati á áætluðum rekstrarkostnaði og áætlaðrar útbreiðslu, auk kostnaðar við sjálfa uppbygginguna. Einkunn er hærri eftir því sem að uppbyggingarkostur er álitlegri að mati PFS.

Nánari umfjöllun og sundurliðun áætlaðs kostnaðar fyrir hvern og einn sendastað í ofangreindri töflu er að finna í skýrslu Mannvits sem fylgir samráðsskjali þessu í viðauka.

Fjöldi sendastaða sem hver tíðnirétthafi þarf að byggja upp ræðst af því verði sem greitt er fyrir tíðniheimild. Eftir því sem greitt er minna fyrir tíðniheimild því fleiri sendastaði þarf að byggja upp. Til að koma til móts við kostnað tíðnirétthafa af uppbyggingu er veitur afláttur af verði tíðniheimildar sem fer stigvaxandi eftir því sem uppbyggingarkröfur eru meiri.

Skylda til uppbyggingar fylgir hverri heimild fyrir sig, þannig að aðili sem fær fleiri en eina heimild þarf að uppfylla skyldur sem fylgja öllum heimildum sem hann fær.

-Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig uppbyggingarkröfur tengjast verði og afslætti:

Tafla 1. Gildir fyrir tíðniheimildir á 700 MHz tíðnisviði. Taflan gildir einnig fyrir tíðnirétthafa á 800 MHz tíðnisviði ef sami aðili fær báðar heimildir á því tíðnisviði og er þá miðað við samanlagða upphæð boða fyrir báðar heimildirnar.

Boð	35 - 55*	55 - 75	75 - 100	100+
Afláttur af verði	30%	20%	10%	0%
Verð með afslætti	24,5-39	44-60	68-90	100
Uppbyggingarkrafa (fjöldi senda í hverjum flokki)	25-50	25-50	15-25	5-15
	15-25	15-25	5-15	

	5-15	Eða	Eða	
	5-15	15-25	5-15	
		5-15	5-15	
		5-15	5-15	
		5-15		
Áætlaður meðal kostnaður í uppbyggingu	75	55	30	10
Áætlað meðal heildarverð	107	107	109	110
Uppbyggingu lokið fyrir	31.des.20	31.des.18	1.sep.18 31.des.17	31.des.171.sept.17

* Verð í milljónum króna.

Að uppboði loknu og þegar verð fyrir tíðniheimild liggur fyrir er gert ráð fyrir að tíðnirétthafar velji hvaða sendastaði í hverjum verðflokki þeir byggja upp. Þannig að fari tíðniheimild t.d. á 35-55 milljónir króna þarf tíðnirétthafi að velja einn sendastað úr rauðum flokki, einn úr gulum og tvo úr grænum flokki. Sá bjóðandi sem er með hæsta boð hefur fyrsta val um þá sendastaði sem hann þarf að byggja upp, síðan sá sem er með næsthæsta boð og loks sá sem er með lægsta boð. Ef sami aðili er hæstbjóðandi í báðar 800 MHz tíðniheimildirnar gildir samanlagt verð þeirra við röðun á valrétti um sendistaði. Ef sitt hvor aðili er hæstbjóðandi í 800 MHz heimildirnar ræður verð á hvert MHz röð valréttar og tafla 2 gildir fyrir uppbyggingarkröfur sem fylgja hvorri 800 MHz heimild fyrir sig.

Tafla 2. Gildir fyrir tíðnirétthafa sem fær eina heimild á 800 MHz tíðnisviði.

Boð	17,5 – 27,5*	27,5 – 37,5	37,5- 50	50+
Afsláttur af verði	30%	20%	10%	0%
Verð með afslætti	12,25-19,25	22-30	33,75-45	50
	25-50	15-25	15-25	5-15
	eða	5-15	eða	-
	15-25	eða	5-15	-
Uppbyggingarkrafa (fjöldi senda í hverjum flokki)	5-15	5-15	5-15	-
	5-15	5-15		-
	-	5-15		-
	-		-	-
Áætlaður meðal kostnaður í uppbyggingu	39	30	20	10
Áætlað meðal heildarverð	54	56	59	60
Uppbyggingu lokið fyrir	31.des.20	31.des.18	1.sep.18	31.des.17

* Verð í milljónum króna.

Ef til þess kemur að boð í allar tíðniheimildir eru jafnhá, þ.e. að verð fyrir tíðniheimildirnar eru þau sömu, mun hlutkesti, eða sambærileg handahófskennd aðferð, ráða hvaða sendastaðir munu fylgja umræddum tíðniheimildum og tíðnirétthafi er þá skuldbundinn til að byggja upp. Sömu aðferð verður beitt ef tvær tíðniheimildir hljóta jafnhá boð, sem einnig eru hæstu boð í tíðniheimild á tíðnisviðinu. Í því tilviki að jafnhá boð berast í tvær tíðniheimildir, sem ekki eru

hæstu boð í tíðniheimild á tíðnisviðinu, mun sá þátttakandi er átti hæsta boð í tíðniheimild hljóta forgang um val á sendastöðum en hlutkesti ráða hvaða sendastaðir fylgja hinum tveim tíðniheimildunum. Komi til hlutkestis mun PFS kynna reglur þess fyrirfram og gefa aðilum kost á því að vera viðstaddir framkvæmdina.

Hraði í farneti sem byggt er upp samkvæmt kröfum þessa kafla skal að jafnaði ekki vera minni en 10 Mb/s.

Tíðnirétthafi skal bjóða öðrum tíðnirétthöfum á 700 MHz tíðnisviðinu reiki í farneti sem byggt er upp samkvæmt skilmálum þessa kafla. Skal reikipjónustan ~~að lágmarki~~ ná til tal- og gagnaflutningsþjónustu í farneti.

Kröfur um uppbyggingu utan byggðar, samkvæmt kafla þessum, gilda jafnt fyrir starfandi farnetsrekendur og nýja tíðnirétthafa.

Við gerð þessa hluta útbreiðslu- og uppbyggingarkrafna og vali á stöðum byggði PFS á tölulegum gögnum frá Ferðamálastofu um fjölda ferðamanna og Vegagerðinni vegna umferðar um Þjóðvegi. Þá var sérstaklega óskað sjónarmiða Neyðarlínunnar m.t.t. öryggisjónarmiða. Í framhaldi af því fékk PFS verkfræðistofuna Mannvit til að meta kostnað við uppbyggingu á völdum stöðum. Niðurstöður kostnaðargreiningar voru svo bornar saman við framangreind sjónarmið og mat lagt á hvaða sendastaðir skyldu verða hluti af útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum þessum.

23.2.3 Tímasett áætlun tíðnirétthafa um uppbyggingu

Tíðnirétthafi skal skila áætlun til PFS um hvern áfanga útbreiðslu og uppbyggingar neta og þau gæðaviðmið sem þeim fylgja, í samræmi við skilmála tíðniheimildar. Skal áætlunin vera sundurliðuð með nákvæmri tímaáætlun og núverandi sem og fyrirhugað sendastaðir og útbreiðslusvæði sýnt á myndrænan hátt. Skal áætlunin berast PFS eigi síðar en 1. maí 2018⁷ fyrir 95% útbreiðslukröfu ~~fyrir 31. desember 2017~~ og eigi síðar en 1. maí 2020 fyrir 99⁸%. ~~útbreiðslukröfur fyrir 31. desember 2020.~~

23.2.4 Vanefndir við að uppfylla útbreiðslukröfur

Til að mæla útbreiðslu þjónustunnar, sbr. almennar útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur í kafla 3.2.2.1, verða lögð til grundvallar skráð lögheimili miðað við 1. desember fyrra árs samkvæmt íbúaskrá sem gefin er út af Þjóðskrá Íslands og áætlun tíðnirétthafa. Varðandi staðsetningu lögheimila verður miðað við skráð íbúðarhúsnæði í staðfangaskrá Þjóðskrár Íslands. Tíðnirétthafi skal tilkynna PFS að tiltekið lögheimili eigi ekki við ef íbúi/íbúar hefur skráð aðsetur á öðrum stað, skv. Þjóðskrá Íslands.

Mæling á útbreiðslu er framkvæmd í spálíkani PFS. Ef spá PFS er ekki í samræmi við útbreiðslukort tíðnirétthafa og hann vefengir niðurstöðu PFS verða framkvæmdar mælingar á þeim stöðum þar sem gögnunum ber ekki saman.

PFS áskilur sér rétt til að leggja á tíðnirétthafa dagsektir fyrir hver heil 2% sem upp á vantar til að uppfylla almennar útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur ~~um 95% útbreiðslu fyrir 31. desember 2017 eða 98% útbreiðslu fyrir 31. desember 2020, sbr. skv.~~ kafla 3.2.2.1, að fjárhæð kr. 100.000,- þar til útbreiðslukröfu er náð. Fjárhæð dagsekta getur lækkað eftir því sem útbreiðsla eykst um hver heil 2%.

~~PFS áskilur sér rétt til að leggja á tíðnirétthafa dagsektir fyrir hvert það sveitarfélag sem ekki er byggt upp háhraða farnetsþjónusta, sbr. kafla 3.2.2.2, að fjárhæð kr. 100.000,- þar til~~

~~útbreiðslukröfu er náð. Fjárhæð dagsektar lækkar ekki eftir því sem útbreiðsla eykst innan sveitarfélagsins.~~

PFS áskilur sér rétt til að leggja á tíðnirétthafa dagsektir fyrir hvern þann sendastað sem ekki er byggður upp og háhraða farnetsþjónusta ekki veitt innan tilskilinna tímamarka, sbr. kafla 23.2.2.23, að fjárhæð kr. 100.000,- þar til uppbygging hefur farið fram.

Þá áskilur PFS sér rétt til að leggja á tíðnirétthafa dagsektir uppfylli hann ekki þær gæðakröfur sem hvort tveggja almennar kröfur og sértækar kröfur kveða á um, að fjárhæð 100.000,- kr. þar til gæðaviðmiðum er náð. Ef almennum og sértækum útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum hefur ekki verið náð mun einungis sú dagsektarfjárhæð vera lögð á tíðnirétthafa.

Áður en til álagningar dagsektar kemur mun PFS tilkynna viðkomandi tíðnirétthafa að stofnunin telji útbreiðslu eða gæðum ábótavant og gefa tíðnirétthafa færi á að bæta úr ástandinu innan hæfilegs frests sem skal ekki vera lengri en 3 mánuðir nema við alveg sérstakar aðstæður.

23.2.53 Afsláttur af verðilágmarksboði tíðniheimilda á 700 og 800 MHz tíðnisviðinu

Til að koma til móts við kostnað tíðnirétthafa við að byggja upp og auka útbreiðslu þjónustu utan byggðar, sbr. kafla 3.2.2.3. hefur PFS ákveðið að veita afslátt af verði tíðniheimildar sem fer stigvaxandi upp í 30% eftir því sem uppbyggingarkröfur eru meiri. Tilgreiningu á afsláttarprósentu í tengslum við uppbyggingarkröfu má finna í töflum í umræddum kafla 3.2.2.3.

23.2.64 Lágmarks kröfur um gæði háhraða farnetsþjónustu

Almennt

Miðað er við að þjónusta á 700 og 800 MHz sé fyrst og fremst gagnaflutningsþjónusta (netþjónusta), ~~ekki—en~~ talsímaþjónusta skal einnig vera í boði á þeim svæðum sem tíðnirétthöfum á 700 og 800 MHz tíðnisviðunum ber að starfrækja net og þjónustu skv. útbreiðslukröfum í skilmálum þessum. og skal hún vera í samræmi við ákvæði skilmála þessara. Með háhraðafarnetsþjónustu er átt við að netþjónustan nái til neytenda á ferð, þeir geti hvort sem er verið kyrrstæðir eða í farartæki á ferð og þeir geti tekið áskriftina með sér á milli staða.

Notandi skal að jafnaði geta notað einfalt móttökutæki eins og t.d. snjallsíma, spjaldtölvu eða netlykil. Varðandi híbýli þá miðast þessi krafa við að þjónustan sé til staðar einhvers staðar innandyra í hefðbundnum húsum.

Tíðnirétthafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum PFS um að bæta úr innri og ytri truflunarvanda sem hlýst af fjarskiptanetinu.

Móttökustyrkur

Við mælingar og mat á útbreiðslu mun PFS beita viðurkenndum aðferðum sem almenn samstaða verður um innan CEPT.

Hvað varðar UMTS þjónustu verður einkum stuðst við þær aðferðir sem skilgreindar eru í ECC skýrslu nr. 103 (Report 103), (UMTS COVERAGE MEASUREMENTS).

Við mælingar á útbreiðslusvæðum skal styðjast við eftirfarandi gildi:

Fyrir UMTS og LTE

Útbreiðsla í þéttbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meiri en -85 dBm

Útbreiðsla í dreifbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meira en -100 dBm

Viðbótarmóttökubúnaður

Á svæðum fjarri sendum sem teljast strjálbýl er ekki gerð krafa um að unnt sé að ná móttökustyrk, sbr. 3.2.5.2, og geta því notendur í strjálbýli þurft aukinn búnað, t.a.m. loftnet með tiltekinni mögnun, til að ná lágmarks gæðaviðmiðum þjónustu innanhúss, sbr. nánar um gæðaviðmið.

Nethlutleysi, gæðaviðmið og gagnaflutningshraði

PFS hefur eftirfarandi að leiðarljósi við gerð gæðaviðmiða og gagnaflutningshraða og til að tryggja nethlutleysi í netum íslenskra rekstraraðila.

- leiðbeinandi reglur BEREC (Board of European Regulators of Electronic Communications) fyrir nethlutleysi. Sjá [Leiðbeinandi reglur BEREC](#).
- REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn Netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins. Sjá [Reglugerð 2015/2120](#), sem fylgir með samráðsskjali þessu.

Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi:

Réttur netnotenda

Netnotendur eiga rétt á nettengingu með fyrirfram ákveðinni getu og gæðum. Þeir eiga rétt á nettengingu sem gerir þeim, eftir eðli máls, kleift að senda og móttaka efni að þeirra ósk, nota þjónustur og keyra forrit að eigin ósk sem og að tengja vélbúnað og nota þann hugbúnað sem þeir kjósa og skaðar ekki netið. Þá eiga netnotendur rétt á nettengingu sem ekki gerir upp á milli mismunandi forrita (e. applications), þjónustu eða efnis eða mismuna notendum eftir uppruna sendanda eða móttakanda.

Sértæk gæðaviðmið

Miðað er við að á skilgreindu þjónustusvæði náist að lágmarki 10 Mb/s hraði í niðurhali og 10 Mb/s í upphali, ~~og síðar 30 Mb/s hraði í niðurhali og 30 Mb/s í upphali og að lokum 50 Mb/s hraði í niðurhali og 50 Mb/s í upphali~~ innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í kafla 2.2.2.1. Þá þarf viðmið fyrir seinkun (e. Latency) að vera <30 ms og viðmið fyrir breytilegan svartíma (e. Jitter) að vera < 50 ms, til lengdar og eigi síðar en 31. desember 2017~~78~~. Þannig má yfirlýsingun ekki verða of mikil, gæði tenginganna þurfa að vera nægjanleg og tæknin þarf að vera frambærileg.

Sú staða getur ~~að sjálfsgöðu~~ komið upp tímabundið að fjöldi notenda á ákveðnu svæði er meiri en afkastageta senda~~a~~staðarins getur annað Erfitt er að bregðast hratt við slíku og verður að horfa á það sem ásættanlega stöðu í til skemmri tíma að ekki er hægt að koma í veg fyrir slíkt. Sama á við þegar koma upp bilanir eða truflanir af völdum veðurs. Hér er þó væntanlega um að ræða undantekningartilvik. Ekki er rétt að líta á það sem brot á reglum þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á ákvæði nethlutleysisregluverksins

um gegnsæisráðstafanir þar sem þjónustuaðilar skulu skilmerkilega gera grein fyrir því þjónustuloforði sem þeir veita. Sé viðvarandi frávik frá því getur það leitt til þess að þjónustuloforðið teljist ekki uppfyllt.

~~– Erfitt er að bregðast við slíku og verður að horfa á það sem ásættanlega stöðu í undantekningartilvikum og í mörgum tilvikum ekki hægt að réttlæta fjárfestingar sem koma í veg fyrir slíkt. Sama á við þegar koma upp bilanir eða truflanir af völdum veðurs. Hér er þó um að ræða undantekningartilvik. Ekki er rétt að líta á það sem brot á reglum þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi.~~

Hins vegar eru þekktar aðstæður þar sem [fyrirfram er](#) vitað ~~er~~ að búast má við miklum fjölda notenda á ákveðnu svæði (t.d. á viðburðum eins og Þjóðhátíð, Menningarnótt og öðrum bæjarhátíðum, íþróttatburðum og tónleikum). Þar geta fjarskiptafélögin brugðist við tímalega og verður að telja slíkar tímabundnar aðgerðir fjárhagslega réttlætanlegar. Þá hefur mikil fjölgun ferðamanna síðustu ár og lækkun reikikostnaðar áhrif á notkun ferðamanna sem þarf að taka inn í myndina. PFS hefur einnig (og mun gera það áfram [ef aðstæður leyfa](#)) brugðist við og úthlutað auknu tíðnisviði tímabundið til að hægt sé að bregðast við í slíkum tilvikum.

Fyrirséð er að með innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2015/2120 muni PFS verða ~~fengnar~~ heimildir að lögum til að ákvarða viðmið um lágmarksgæði fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. farnetsþjónustu, og mæla fyrir um mæliaðferðir. Vinna stendur nú yfir á sameiginlegum vettvangi evrópska fjarskiptaeftirlitsstofnana við að skilgreina og útfæra þessi viðmið og mæliaðferðir. Við vinnu PFS í þessu sambandi verður horft til stefnumótunar ESB sem og íslenskra stjórnvalda um fjarskipti, þ.m.t. um útbreiðslu og hraða. Jafnframt verður litið til almennrar þróunar farnetstækni um tæknilega getu netanna, s.s. um töf (e. latency).

Bjóðendur geta því búist við því að PFS muni á næstu árum setja reglur um lágmarksgæði fjarskiptaþjónustu sem taki til þeirrar þjónustu sem veitt er á þeim tíðniheimildum sem boðnar eru upp í uppboðinu. PFS hvetur bjóðendur að kynna sér leiðbeiningar BEREC um innleiðingu á reglum um nethlutleysi, sem fylgir í viðauka 3, en þær taka m.a. til meginforsendna um lágmarksgæði og framkvæmd eftirlits á þeim, varðandi þær kröfur sem bjóðendur geta vænst að gerðar verði til þeirra í þessum efnum. Komið getur til þess að kröfur um hraða og/eða önnur gæðaviðmið, gagnvart tíðniréttihöfum sem hljóta heimildir í uppboði þessu, verði hertar ef markaðs- og tækniþróun og þróun í setningu regluverks og framkvæmd þess innan EES gefur tilefni til.

Eftirlit með gæðaviðmiðum

Talsvert hefur verið rætt og ritað um aðferðir og mælitæki fyrir mælingar á þjónstugæðum í háhraða farnetum undanfarin ár innan samtaka eftirlitsaðila fjarskipta í Evrópu (BEREC og CEPT). Þar er höfuðáherslan lögð á tæknilegar mælingar þó að einnig sé rætt um eftirlitsaðgerðir í tengslum við nethlutleysi á breiðari grunni.

Það sem aðallega hefur verið fjallað um á síðustu misserum er þróun á sameiginlegu mælikerfi sem eftirlitsaðilar geta valið að tengjast og setja upp hjá sér (e. An evolutionary approach to a potential multi-NRA opt-in monitoring system). Það myndi gera eftirlitsaðilum mögulegt að samræma viðmið og aðferðir við mælingar og samanburð á niðurstöðum þeirra. Þá eru til staðar kerfi sem þróuð hafa verið í einstaka löndum og önnur slík í smíðum. PFS hefur ekki tekið afstöðu til þess hvað verður ofan á varðandi Ísland en fylgist náið með þróuninni í Evrópu þó að óhjákvæmilega geti verið hagkvæmt fyrir lítinn eftirlitsaðila eins og PFS að tengjast sameiginlegu kerfi. Einnig er vert að skoða þann möguleika að mælingar þessar verði gerðar,

a.m.k. að einhverju leyti í samvinnu við rekstraraðila fjarskiptakerfanna ef vilji er fyrir hendi hjá þeim. Nauðsynlegt kann einnig að vera (sérstaklega í tilviki háhraða farneta) að virkja endanotendur til að fá fram upplifun þeirra af gæðum þjónustunnar (e. crowdsourcing). PFS stefnir að því að niðurstöður mælinga verði birtar opinberlega þegar þar að kemur. [Fjarskiptafélög mega gera ráð fyrir að mælingarnar verði a.m.k. sundurgreindar eftir félögum.](#)

Stofnunin mun hér eftir sem áður vinna að þessum málum í samráði og vonandi í sátt við rekstraraðila innviðanna.

Bann við því að orsaka truflanir á sjónvarpsútsendingu og viðbrögð við slíkum truflunum

Tíðniréttihöfum er óheimilt að orsaka truflanir á útsendingu sjónvarps á tíðnisviðinu 470 – 694 MHz á svæðum með fasta búsetu.

Með truflun er í fyrsta lagi átt við að styrkur merkis frá móðurstöð (sendi) á viðkomandi tíðnisviði (dBm/5 MHz) er hærri en styrkur merkis frá sjónvarpssendi á viðkomandi sjónvarpsrás (dBm/8 MHz). Í öðru lagi að við mælingar (þar sem viðkomandi sjónvarpsrás er notuð) mælist styrkur merkis frá móðurstöð (sendi) á viðkomandi tíðnisviði (dBm/5 MHz).

Styrkur merkis skal mældur með viðmiðunarloftneti í 10 metra hæð yfir jörðu við viðkomandi húsnaði.

Í tengslum við aðgerðir til að fyrirbyggja truflanir farnetþjónustu á 700 MHz tíðnisviðinu gagnvart sjónvarpsþjónustu getur komið til þess að PFS gefi út viðmið um mismun á styrk merkis (db) fyrir hverja tíðniheimild á 700 MHz og hverja sjónvarpsrás, sbr. eins og gert var fyrir 800 MHz tíðnisviðið.

Tíðniréttihafar skulu vinna sameiginlega að því, í fyrsta lagi að koma á, án tafar, samstarfi milli tíðniréttihafa á 700 MHz tíðnisviðinu sem miðar að samræmingu aðgerða til að koma í veg fyrir truflanir. Í öðru lagi skulu þeir tryggja að samræming milli tíðniréttihafa bjóði upp á sameiginlegan tengilið sem auðvelt er að nálgast, að minnsta kosti í gegnum síma, þar sem sjónvarpsáhorfendur sem verða fyrir hugsanlegum truflunum geti tilkynnt um þær. Í þriðja lagi skal skrá allar innkomnar tilkynningar um hugsanlegar truflanir. Í fjórða lagi skal um leið og slík tilkynning berst gera grein fyrir hvaða tíðniréttihafi orsakar truflunina og í framhaldinu skal hlutaðeigandi tíðniréttihafi kanna hvort um truflun sé að ræða og grípa til aðgerða til að hindra truflunina á ásættanlegan hátt án kostnaðar fyrir sjónvarpsáhorfanda. Í fimmta lagi skal slökkva strax á búnaði sem truflar.

23.3 Tíðniheimildir á 2100 MHz tíðnisviðinu

23.3.1 Tíðniheimildir ~~D~~, E, F og GF

Á 2100 MHz tíðnisviðinu verða boðnar upp þrjár tíðniheimildir, ~~D~~, E, F og GF sem fela í sér heimild til nýtingar á 2x5 MHz, að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í skilmálum þessum. Gildistími heimildanna er til rúmlega 5 ára eða til 30. mars 2022, sem er sá gildistími sem gildir um aðrar tíðniheimildir á þessu tíðnisviði. Um er að ræða eftirfarandi tíðniheimildir:

1935/2125- 1940/2130	Samliggjandi	
	1970/2160- 1975/2165	1975/2165- 1980/2170
D	E	F
2x5 MHz	2x5 MHz	2x5 MHz

Samliggjandi		
1935-1940/2125-2130	1970-1975/2160-2165	1975-1980/2165-2170
E	F	G
2x5 MHz	2x5 MHz	2x5 MHz

Lágmarksboð í tíðniheimildir **D**, **E**, **F** og **G** eru, skv. 7. mgr. 11. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, sbr. 5. tl. 1. mgr. 14. gr. a, í lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, er að fjárhæð **kr. 5.500.000**.

Tíðnisviðið er nú þegar í notkun að stærstum hluta en framangreindar tíðniheimildir sem bjóða skal upp eru staðsettar á tíðnisviðinu, sbr. eftirfarandi mynd:

1900-1905	1905-1910	1910-1915	1915-1920	1920-1935/2110-2125	1935-1940/ 2125-2130	1940-1955/2130-2145	1955-1970/2145-2160	1970-1975/ 2160-2165	1975-1980/ 2165-2170
3G-TDD	3G-TDD	3G-TDD	3G-TDD	3G-FDD	3G-FDD	3G-FDD	3G-FDD	3G-FDD	3G-FDD
Nova	Laust	Fjarskipti	Símenn	Símenn	ED	Nova	Fjarskipti	FE	GF
5 MHz	5 MHz	5 MHz	5 MHz	2x15 MHz	2x5 MHz	2x15 MHz	2x15 MHz	2x5 MHz	2x5 MHz

23.3.2 Útbreiðslu og uppbyggingarkröfur

Ekki eru gerðar kröfur um sérstaka útbreiðslu eða uppbyggingu þjónustu á tíðniheimildum **ED**-**GF** á 2100 MHz tíðnisviðinu. Hins vegar er, eins og ávallt, gerð krafa um skilvirka nýtingu tíðna. Tíðnir skulu vera komnar í skilvirka notkun við framboð á almennri fjarskiptabjónustu, sem sannanlega er í boði fyrir almenning og er notuð af endanotendum, innan 12 mánaða.

23.3.3 Takmörkun á fjölda tíðniheimilda

Ekki eru settar sérstakar takmarkanir á fjölda tíðniheimilda sem þátttakandi getur hlotið á 2100 MHz tíðnisviðinu. ~~umfram þær almennu takmarkanir sem settar eru fram í kafla 3.5.1 skilmála þessara-~~

Sá fyrirvari er gerður að þegar niðurstöður uppboðsins liggja fyrir á tíðniheimildum **ED**-**FG** gæti komið til þess að tryggja þurfi garðbönd á tíðnisviðinu milli rekstraraðila. Eins áskilur PFS sér rétt, sé skilvirkri nýtingu tíðnisviðsins ógnað, t.d. að tryggja að úthlutað tíðnisvið verði samliggjandi eftir því sem kostur er, að taka ákvörðun um að gefa út tíðniheimildir til tryggja slíka nýtingu, óháð því hver er hæstbjóðandi í hlutaðeigandi tíðniheimildir, sbr. kafli 7.1 í skilmálum þessum.

23.3.4 Nýting tíðnisviðsins

Tíðnisvið tíðniheimilda **D**, **E**, **F** og **G** á 2100 MHz tíðnisviðinu skal notað fyrir farnetsþjónustu en er að öðru leyti tæknilega hlutlaust.

23.4 Tíðniheimildir á 2600 MHz tíðnisviðinu

23.4.1 Tíðniheimildir ~~G~~, ~~H~~, ~~I~~, ~~J~~, ~~K~~ og ~~L~~

Á 2600 MHz tíðnisviðinu verða boðnar upp fimm tíðniheimildir, ~~H~~, ~~I~~, ~~J~~, ~~K~~ og ~~L~~, ~~G~~, ~~H~~, ~~I~~, ~~J~~ og ~~K~~, sem fela í sér heimild til nýtingar á annars vegar 2x20 MHz, sbr. tíðniheimildir ~~GH~~ og ~~IH~~, og hins vegar 2x10 MHz, sbr. tíðniheimildir ~~I~~, ~~J~~, ~~K~~ og ~~L~~, að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í skilmálum þessum, til 150 ára frá útgáfu þeirra. Um er að ræða eftirfarandi tíðniheimildir:

Til úthlutunar - 2x70 MHz

2500-2520/2620-2640	2520-2540/2640-2660	2540-2550/ 2660-2670	2550-2560/ 2670-2680	2540-2550/ 2680-2690
HG	IH	JL	KJ	LK
2x20 MHz	2x20 MHz	2x10 MHz	2x10 MHz	2x10 MHz

Lágmarksboð í tíðniheimildir ~~HG~~ og ~~IH~~ eru, skv. 7. mgr. 11. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, sbr. 5. tl. 1. mgr. 14. gr. a, í lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, að fjárhæð kr. 10.000.000.

Lágmarksboð í tíðniheimildir ~~I~~, ~~J~~, ~~K~~ og ~~LK~~ eru, skv. 7. mgr. 11. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, sbr. 5. tl. 1. mgr. 14. gr. a, í lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, að fjárhæð kr. 5.000.000.

Ekki verða boðnar upp allar tíðnir á tíðnisviðinu en undanskilinn er ákveðinn óparaður millikafli á tíðnisviðinu sem ætlaður er sem auka niðurhalstíðnir, sbr. eftirfarandi mynd:

Yfirlitsmynd - 2600 MHz tíðnisviðið

G	H	I	J	K	Ekki hluti uppboðs	G	H	I	J	K
2500 2505 2510 2515	2520 2525 2530 2535	2540 2545	2550 2555	2560 2565	2570 2575 2580 2585 2590 2595 2600 2605 2610 2615	2620 2625 2630 2635	2640 2645 2650 2655	2660 2665	2670 2675	2680 2685
FDD Uplink Blocks					Supplemental Downlink	FDD Downlink Blocks				
20 MHz	20 MHz	10 MHz	10 MHz	10 MHz	10 MHz - óparað í downlink	20 MHz	20 MHz	10 MHz	10 MHz	10 MHz

Yfirlitsmynd - 2600 MHz tíðnisviðið

H	I	J	K	L	Ekki hluti uppboðs	H	I	J	K	L
2500 2505 2510 2515	2520 2525 2530 2535	2540 2545	2550 2555	2560 2565	2570 2575 2580 2585 2590 2595 2600 2605 2610 2615	2620 2625 2630 2635	2640 2645 2650 2655	2660 2665	2670 2675	2680 2685
FDD Uplink Blocks					Supplemental Downlink	FDD Downlink Blocks				
20 MHz	20 MHz	10 MHz	10 MHz	10 MHz	10 MHz - óparað í downlink	20 MHz	20 MHz	10 MHz	10 MHz	10 MHz

23.4.2 Útbreiðslu og uppbyggingarkröfur

Ekki eru gerðar kröfur um sérstaka útbreiðslu- eða uppbyggingu þjónustu á 2600 MHz tíðnisviðinu. Hins vegar er, eins og ávallt, gerð krafa um skilvirka nýtingu tíðna. Tíðnir skulu vera komnar í skilvirka notkun við framboð á almennri fjarskiptaþjónustu, sem sannanlega er í boði fyrir almenning og er notuð af endanotendum, innan 12 mánaða.

23.4.3 Takmörkun á fjölda tíðniheimilda

Sérstakar takmarkanir eru settar á fjölda tíðniheimilda sem þátttakandi getur hlotið á 2600 MHz tíðnisviðinu en að hámarki getur þátttakandi, eða aðili tengdur honum, fengið úthlutað 2x50 MHz, sbr. þær almennu takmarkanir sem settar eru fram í kafla 3.5.1. skilmála þessara.
-Ekki eru settar sérstakar takmarkanir á fjölda tíðniheimilda sem þátttakandi getur hlotið á 2600 MHz tíðnisviðinu.

Sá fyrirvari er gerður að þegar niðurstöður uppboðsins liggja fyrir á tíðniheimildum ~~H-I-G-K~~ gæti komið til að tryggja þurfi garðbönd á tíðnisviðinu milli rekstraraðila. Eins áskilur PFS sér rétt, sé skilvirkni nýtingu tíðnisviðsins ógnað, t.d. að tryggja að úthlutað tíðnisvið verði samliggjandi eftir því sem kostur er, að taka ákvörðun um að gefa út tíðniheimildir til tryggja slíka nýtingu, óháð því hver er hæstbjóðandi í hlutaðeigandi tíðniheimildir, sbr. kafli 7.1 í skilmálum þessum.

23.4.4 Nýting tíðnisviðsins

Tíðnisvið tíðniheimilda G, H, I, J og K á 2600 MHz tíðnisviðinu er tæknilega hlutlaust.

23.5 Hámarksúthlutun á tíðniheimildum ~~A-K~~

3.5.1 Almennar takmarkanir

~~Almennar takmarkanir eru settar á heildarúthlutun tíðniheimilda til þátttakenda, og aðila tengdum þeim, í uppboðinu, sbr. eftirfarandi töflu:~~

Samsetning	700 MHz	2100 MHz	2600 MHz	Samtals MHz
1	0	0	2x50 MHz	2x50 MHz
2	0	2x5	2x40 MHz	2x45 MHz
3	2x10 MHz	2*2x5 = 2x10 MHz	2x30 MHz	2x50 MHz
4	0	3*2x5 = 2x15 MHz (allt)	2x40 MHz	2x55 MHz
5	2x10 MHz	0	2x30 MHz	2x40 MHz
6	2*2x10 = 2x20 MHz	2*2x5 = 2x10 MHz	2x20 MHz	2x50 MHz
7	3*2x10 = 2x30 MHz (allt)	0	2x20 MHz	2x50 MHz
8	2x10 MHz	3*2x5 = 2x15 MHz (allt)	2x20 MHz	2x45 MHz

~~Þannig geta þátttakendur í mesta lagi hlotið samtals frá 2x40, sbr. samsetningu 5 og allt að 2x55 MHz, sbr. samsetningu 4, sbr. þó sérstakar takmarkanir á 700 MHz tíðnisviðinu, sbr. kafla 3.5.2. Tekið skal fram að samsetning tíðniúthlutana í uppboðinu getur verið með ýmsu móti, svo fremi sem samsetningin rúmist innan fyrrgreindra takmarkana.~~

3.5.2 Sérstakar takmarkanir á 700 MHz tíðnisviðinu

Hámarksúthlutun tíðna á 700 og 800 MHz tíðnisviðinu til núverandi tíðnirétthafa til veitingar háhraða farnetsþjónustu tekur mið af þegar úthlutaðum tíðniheimildum á 800 MHz og/eða 900 MHz tíðnisviðunum. Tíðnirétthafar, sem nú þegar hafa rétt til nýtingar á 800 MHz og/eða 900 MHz tíðnisviðinu geta að hámarki haft, að uppboði loknu, heimild til nýtingar á samtals ~~2x~~40 MHz (samtals 80 MHz) á 700 MHz, 800 MHz og 900 MHz tíðnisviðunum~~inu~~.

Ef aðili á hæsta boð í fleiri en eina tíðniheimild á 700 og/eða 800 MHz tíðnisviði við lok umferðar uppboðs og fer fram úr þeim takmörkunum sem settar eru í þessum kafla mun PFS ógilda þau viðkomandi boð sem síðast komu fram og fóru fram úr takmörkunum.

23.67 Samnýting tíðnisviða og samstarf aðila

23.67.1 Samstarf aðila til uppbyggingar dreifikerfis

Heimildirnar taka til uppsetningar og starfrækslu radióstöðva, skiptistöðva og annars nauðsynlegs búnaðar í þeim tilgangi að veita tilgreinda þjónustu.

Tíðniréttihöfum er heimilt að eiga með sér samstarf um að ná útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum samkvæmt skilmálum hlutaðeigandi tíðniheimildar, en slíkt samstarf skal þó einungis ná til fjarskiptavirkja og fjarskiptaneta og skal tilkynnt til PFS. Undanskilið frá þessari heimild eru sértækar uppbyggingarkröfur á sendistöðum sbr. kafla 3.2.2.3., en um þær gilda sérstakar reglur, þ.m.t. um samnýtingu.

Samstarf samkvæmt þessum kafla er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvæði samkeppnislaga, nr. 44/2005.

23.67.2 Samnýting tíðna

Aðilar geta sótt um til PFS að samnýta tíðnir, eða eiga annars konar samstarf um tíðnir, sem þeir kunna að hafa nýtingarrétt að.

Slík samnýting er háð samþykki PFS sem við töku slíkrar ákvörðunar mun horfa til lögbundinna sjónarmiða sem og annarra málefnaþegra sjónarmiða, eftir því sem við á í hverju máli. Stofnunin mun, í samræmi við ákvæði laga, líta til sjónarmiða um hagnýta notkun tíðna, skilvirkni fjárfestinga í fjarskiptainnviðum, nýbreytni fjarskiptaþjónustu, áhrif á samkeppnisstöðu o.fl. Þá mun einnig vera gætt að sanngirnis- og jafnræðissjónarmiðum sem og almannahagsmunum, m.t.t. útbreiðslu og aðgengis að fjarskiptaþjónustu um landið allt, við ákvörðunartöku um heimild til samnýtingar.

Verði heimild til samnýtingar samþykkt af hálfu PFS kann hún að verða bundin skilyrðum, t.d. [hámarks stærð þess tíðnisvið sem heimilt er að samnýta](#), um skerðingu á tíðnisviði réttthafa, auknar útbreiðslu- og hraðakröfur, landfræðilega afmörkun á þjónustusvæði o.s.frv. Slík skilyrði myndu m.a. taka mið af því hvaða fjarskiptafyrirtæki ættu í hlut og hvert væri áformað umfang og eðli samstarfs aðila.

Samstarf um samkvæmt þessum kafla er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvæði samkeppnislaga, nr. 44/2005.

34 Skráning til þátttöku í uppboði

34.1 Skráningarfrestur

Aðilar sem óska þátttöku í uppboðinu skulu skila inn gögnum og upplýsingum sem nánar er kveðið á um í kafla þessum og greiða þátttökugjald að fjárhæð kr. ()¹ - til Póst- og fjarskiptastofnunar, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík.

Þeir sem ekki skila inn tilskildum gögnum og greiða þátttökugjald fyrir tilgreindan frest geta ekki öðlast rétt til þátttöku í uppboðinu.

34.2 Skráningargögn

34.2.1 Þátttökublað

Aðilar sem óska þátttöku í uppboðinu skulu skila inn útfylltu þátttökublaði, sbr. fylgiskjal 1. Þátttökublaðið felur í sér undirritaða yfirlýsingu um að óskað sé þátttöku í uppboðinu og að viðkomandi aðili sem óskar eftir þátttöku hafi kynnt sér skilmála uppboðsins og skuldbindi sig til þess að fara eftir þeim í einu og öllu. Ef aðili er félag skal eyðublaðið undirritað af þeim er rita firmað samkvæmt skráningarvottorði frá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, eða samþykktum félagsins, sé félagið ekki á skrá fyrirtækjaskrár.

¹ Endanlegur fjárhæð liggur ekki fyrir, en mun miðast við kostnað PFS af undirbúningi og framkvæmd uppboðs

34.2.2 Þátttökugjald

Aðili sem óskar þátttöku í uppboðinu skal greiða ákveðið gjald að fjárhæð kr. [endanleg upphæð liggur ekki fyrir],- og skal leggja inn á reikning Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 130-26-2499, kennitala: 570397-2499. Staðfesting á millifærslu skal send á tölvupóstfang sem tilgreint verður af PFSingibjorg@pfs.is. Aðilar sem óska þátttöku munu í framhaldinu fá senda kvittun fyrir greiðslu þátttökugjalds.

Gjaldið er hluti af þátttökugjaldi sem tekur mið af kostnaði við undirbúning og framkvæmd uppboðsins, sbr. 7. mgr. 11. gr. fjarskiptalaga. Beinn útlagður heildarkostnaður við uppboðið, sem samanstendur af kostnaðargreiningu Mannvits, uppfærslu rafræns uppboðskerfis og auglýsingakostnaði.

Þar sem sú vinna sem átti sér stað við undirbúning á uppboði á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum kom til með að nýstast í framtíðarverkefnum PFS taldi stofnunin rétt að einungis 2/3 kostnaðar við skýrslugerð og gerð rafræns uppboðskerfis skyldu tilheyra uppboði á 800 MHz og 1800 MHz tíðnum. Heildarkostnaður fyrra uppboðs nam 10.220.000,- kr. og samanstóð af skýrslugerð Mannvits og gerð uppboðskerfis. Þátttökugjald í fyrra uppboði byggðist á 2/3 þess kostnaðar, að viðbættum auglýsingakostnaði að fjárhæð 140.000,- kr., eða fjárhæð kr. 6.950.000,-. Eftirstandandi kostnaður vegna framkvæmdar uppboðs á 800 MHz og 1800 MHz tíðniheimildum nemur því 3.410.000,- kr. og bætist við þann kostnað sem hlaust af undirbúningi og framkvæmd þessa uppboðs.

Heildarkostnaður sem þátttökugjald fyrir þátttöku í uppboði þessu á 700 MHz, 2100 MHz og 2600 MHz tíðnisviðunum, nemur því kr. [endanleg upphæð liggur ekki fyrir], sbr. eftirfarandi sundurliðun [sett fram í dæmaskyni]:

Sundurliðun þátttökugjalds	
Eftistandandi kostnðuar vegna fyrra uppboðs	3.410.000
Kostnaður við undirbúning og framkvæmd uppboðs	3.000.000
Auglýsingakostnaður	200.000
Samtals heildarkostnaður	6.610.000
Þátttökugjald hvers aðila (m.v. 3)	2.203.333

Endanlegt gjald fyrir þátttöku ræðst þó af fjölda þeirra aðila er fá heimild til þátttöku í uppboðinu. Gjaldið getur því breyst til hækkunar eða lækkunar með tilliti til fjölda þátttakenda í uppboði. Vanti upp á greiðslu kostnaðar við uppboðið, þrátt fyrir innheimtu þátttökugjalds, verður viðbótarhlutur hvers og eins innheimtur að loknu uppboði.

Þátttökugjald er ekki endurgreiðanlegt, jafnvel þótt bjóðandi hljóti ekki tíðniheimild í uppboðinu.

34.2.3 Önnur skráningargögn

Aðilar sem óska þátttöku í uppboðinu skulu, ásamt útfylltu þátttökublaði, skila inn eftirfarandi gögnum:

- 1) Kvittun fyrir greiðslu þátttökugjalds,
- 2) Upplýsingum um félag frá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða samsvarandi skráningu, eftir því sem við á, eða samþykktum félagsins,
- 3) Ársreikningum síðastliðinna tveggja ára (2014 og 2015),

- 4) Vottorði um að viðkomandi sé ekki á vanskilaskrá.
- 5) Tryggingu, ef við á, samkvæmt 2.1.1 kafla skilmála þessa.
- 6) Tryggingu samkvæmt 2.1.2 kafla skilmála þessa.

Ef einhver framangreindra gagna eiga ekki við skal umsækjandi gera grein fyrir því sérstaklega í umsókn sinni til þátttöku.

34.2.4 Aðrar upplýsingar sem skal veita

Til viðbótar við þær upplýsingar sem gerð er krafa um í kafla 4.2.3 skal aðili jafnframt veita upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, enda komi þær ekki þegar fram í skráningargögnum.

34.2.4.1 Starfsemi umsækjanda

Aðili sem óskar þátttöku skal gera grein fyrir núverandi starfsemi sinni, á hvaða sviði hún er og hvaða þjónusta er veitt ef einhver er. Ef aðili stundar nú þegar fjarskiptastarfsemi skal hann lýsa henni í meginatriðum og taka fram hvaða net eru rekin og hvaða þjónusta er veitt sem og hvers konar viðskiptamönnum hún er ætluð. Skipurit fyrirtækis ásamt upplýsingum um hvaða deild eða deildir bera ábyrgð á ósk um þátttöku skulu fylgja þáttökubeiðni.

34.2.4.2 Eignarhald umsækjanda

Ef um er að ræða fyrirtæki skal upplýst um alla eigendur þess, sem eiga 5% hlut eða stærri. Ef um er að ræða fyrirtæki í eigu annars fyrirtækis skal upplýst um eigendur hins síðara á sama hátt. Upplýsa skal hvert sé hlutafé og hversu mikið af því hafi verið greitt.

34.2.4.3 Tengsl við önnur fjarskiptafyrirtæki

Aðili sem óskar eftir þátttöku ber að upplýsa um tengsl sín við önnur fjarskiptafyrirtæki. Upplýsa skal um beina og óbeina eignaraðild í öðrum fjarskiptafyrirtækjum, um sameiginlegan rekstur eða samstarf að öðru leyti.

34.2.5 Takmarkanir á þátttöku í uppboð

Hverjum aðila er einungis heimilt að senda inn eina beiðni um þátttöku í uppboðinu og fær einungis úthlutað einu notendanafni og lykilorði til þátttöku.

34.2.6 Tengdir aðilar

Berist umsóknir um þátttöku frá tengdum aðilum áskilur stofnunin sér rétt, á grundvelli samkeppnislegra sjónarmiða, til að setja skilyrði um þátttöku þeirra, t.a.m. með því að takmarka þær tíðniheimildir sem hlutaðeigandi geta boðið í. Tengdir aðilar teljast vera móðurfélög, dótturfélög, hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög, sbr. 63. gr. laga, nr. 3/2006, um ársreikninga.

34.3 Réttmæti upplýsinga

34.3.1 Heimild PFS til að staðreyna upplýsingar

Upplýsingar umsækjanda skulu veittar með bestu vitund. Með þáttökubeiðni sinni veitir umsækjandi stofnuninni heimild til að sannreyna upplýsingar um þátttakanda og þau gögn sem hann leggur fram. Komi í ljós við slíka skoðun að um rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sé að ræða eða þær ekki á rökum reistar áskilur PFS sér rétt til að hafna þátttöku hlutaðeigandi í uppboðinu.

34.3.2 Ósk PFS um frekari gögn

Eftir að umsækjandi hefur skilað inn beiðni um þátttöku getur PFS, telji hún þörf á, óskað frekari upplýsinga um umsækjanda og skulu þær lagðar fram innan tíu virkra daga frá því stofnunin óskar gagnanna.

34.3.3 Stjórnendur og helstu eigendur umsækjanda

Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér heimild, á grundvelli þáttökubeiðni umsækjanda, að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði skoðun í ljós að þeir hafi verið úrskurðaðir gjaldþrota eða óskað hafi verið gjaldþrotaskipta á búi þeirra, krafist nauðungarsölu á eignum þeirra eða viðkomandi komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, getur komið til þess að umsókn um þátttöku verði hafnað.

34.3.4 Breytingar á högum umsækjanda

Verði breytingar á högum umsækjanda frá því að beiðni um þátttöku er lögð inn en áður en að uppboð hefst, á meðan á uppboði stendur, áður en til úthlutunar kemur að uppboði loknu, eða eftir úthlutun tíðniheimildar, og þær leiða til þess að veittar upplýsingar eru ekki réttar, skal umsækjandi tafarlaust upplýsa PFS þar um. Sé um veigamiklar upplýsingar að ræða sem geta haft áhrif á forsendur fyrir þátttöku í uppboðinu getur komið til álagningar sekta, brottvikningar úr uppboði eða til afturköllunar á tíðniheimild.

34.3.5 Rangar eða ófullnægjandi upplýsingar

Veiti aðili rangar upplýsingar í umsókn sinni um þátttöku, sbr. kafla 2 og 4, eða láti hjá líða að upplýsa PFS um breytingar á högum sínum eftir að þær upplýsingar voru lagðar fram eða veitir rangar upplýsingar um breytingarnar, getur það leitt til þess að umsókn verði hafnað, sektir lagðar á, viðkomandi vikið úr uppboðinu sjálfu eða tíðniheimild afturkölluð.

Veiti aðili ekki fullnægjandi upplýsingar að mati PFS og bregðist ekki við beiðni þar um, kann það að leiða til þess að umsókn verði hafnað, viðkomandi vikið úr uppboðinu eða tíðniheimild afturkölluð.

34.4 Trúnaður

Póst- og fjarskiptastofnun fer með upplýsingar sem veittar eru á grundvelli 2. og 4. kafla skilmála þessara sem trúnaðarmál.

34.5 Ákvörðun PFS um þátttöku aðila

34.5.1 Tilkynning PFS um þátttöku aðila

Póst- og fjarskiptastofnun sendir öllum aðilum sem óska þátttöku í uppboðinu tilkynningu um hvort stofnunin hafi samþykkt eða synjað beiðni þeirra, ásamt lista yfir þá sem stofnunin hefur samþykkt að heimila þátttöku í uppboðinu.

Eftir að PFS hefur samþykkt þáttökubeiðni aðila telst hann vera bjóðandi í uppboðinu. Sá sem tilgreindur er sem tengiliður aðila á þátttökublaði fær sendar allar upplýsingar er varða uppboðið og þátttöku bjóðanda í uppboðinu.

Ef enginn aðili fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir þátttöku í uppboðinu er PFS heimilt að framlengja umsóknarfrest, fresta uppboði eða fella uppboðið niður.

Ef aðeins einn aðili fullnægir skilyrðunum skal PFS taka ákvörðun um hvort réttindunum verði úthlutað til hans gegn greiðslu fjárhæðar sem telst til lágmarksboðs fyrir hlutaðeigandi tíðniheimildir eða hvort engum réttindum verði úthlutað að sinni.

34.5.2 Synjun PFS á þátttöku aðila

PFS getur synjað umsækjanda um þátttöku í uppboðinu telji stofnunin hlutaðeigandi ekki uppfylla þátttökuskilyrði skv. köflum 2 og 4. Þá getur stofnunin synjað umsækjanda um þátttöku hafi viðkomandi brotið alvarlega gegn fjarskiptalögum eða vanefnt verulega skilmála um sérstök réttindi, samkvæmt þeim lögum. Synjun skal tilkynnt þátttakanda a.m.k. tveimur vikum áður en uppboð hefst.

45 Framkvæmd uppboðs

45.1 Almennt

Boðnar verða upp 12⁺ tíðniheimildir í uppboðinu, tvær þrjár á 700 MHz tíðnisviðinu, tvær á 800 MHz tíðnisviðinu, þrjár á 2100 MHz tíðnisviðinu og fimm á 2600 MHz tíðnisviðinu. Tíðniheimildirnar verða boðnar upp samhliða í einu skilgreindu uppboði og er boðið í hverja tíðniheimild fyrir sig í hverri uppboðsumferð. Er því hægt að senda inn tilboð í eina eða fleiri tíðniheimildir í hverri uppboðsumferð, en þó ber bjóðanda að gæta að takmörkunum um hámarksúthlutun samkvæmt köflum 3.5.1. og 3.5.2.

Uppboðið fer fram í uppboðskerfi sem hýst er á lokaðri vefsíðu PFS. Tilgreindur tengiliður bjóðanda, fær úthlutað aðgangsorði að síðunni. Tengiliðir bjóðenda verða boðaðir á skrifstofu PFS þar sem aðgangsorð að vefsíðunni er afhent ásamt því að tengiliðir slá inn lykilorð sem þeir sjálfir velja. Aðgangsorð og lykilorð veitir bjóðanda aðgang að hinni lokuðu vefsíðu. Eftir að aðgangsorði hefur verið úthlutað af PFS til tengiliða bjóðenda ber bjóðandi ábyrgð á hverjir hafa, fyrir hans hönd, aðgang að síðunni.

45.2 Rafrænn búnaður

Uppboðið fer fram í gegnum áðurnefnda vefsíðu. Hafandi fengið úthlutað aðgangsorði tekur bjóðandi þátt í uppboðinu frá sinni starfstöð sem er þá nettengd og með vafra. Innskráning á sér stað á forsiðu og opnast því næst sjálf uppboðssíðan.

45.3 Tilhögun uppboðs

Uppboðið byggir á ótilgreindum fjölda uppboðsumferða, þar sem bjóðandi býður a.m.k. ákveðna lágmarksfjárhæð í þær tíðniheimildir sem hann hefur áhuga á, hverja fyrir sig, og lýkur uppboðinu þegar engin fleiri boð berast samkvæmt sérstakri niðurtalningaraðferð, sbr. kafla 5.3.3, sbr.þó kafla 5.3.4.

Bjóðendum er skylt að leggja fram boð í tíðniheimild í fyrstu umferð uppboðsins.

45.3.1 Lágmarksfjárhæð og gild boð

Í lögum um fjarskipti er kveðið á um hverjar fjárhæðir lágmarksboða í tíðniheimildir geti verið, sbr. 7. mgr. 11. gr. fjarskiptalaga, sbr. ákvæði 5. tl. 1. mgr. 14. gr. a, í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Þá er jafnframt veitt heimild í 27. gr. reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum, um að heimilt sé að fara fram á lágmarkshækkun milli boða í tíðniheimild.

Í uppboði þessu er gerð er krafa um 5% hækkun á milli boða, þ.e. frá gildandi hæsta boði og nýs boðs sem berst í viðkomandi tíðniheimild. Nái nýtt boð ekki lágmarkshækkun frá gildandi boði telst boð ekki gilt og tekur uppboðskerfið það ekki til greina. Í töflunni hér að neðan er að

finna dæmi um stighækkandi boð í tiltekna tíðniheimild samkvæmt kröfunni um a.m.k. 5% hækkun á milli boða.

Dæmi um hækkun milli umferða - tíðniheimild á 700 MHz			
Gildandi boð	Hækkun	Nýtt boð	Hækkun í kr.
35.000.000	5%	36.750.000	1.750.000
36.750.000	5%	38.587.500	1.837.500
38.587.500	5%	40.516.875	1.929.375
40.516.875	5%	42.542.719	2.025.844
42.542.719	5%	44.669.855	2.127.136
44.669.855	5%	46.903.347	2.233.493
46.903.347	5%	49.248.515	2.345.167
49.248.515	5%	51.710.941	2.462.426
51.710.941	5%	54.296.488	2.585.547

45.3.2 Uppboðsumferðir

Hver uppboðsumferð stendur yfir í 30 mínútur. Fram fara þrjár uppboðsumferðir á dag. Fyrsta uppboðsumferð hefst kl. 09:30 og stendur til kl. 10. Önnur uppboðsumferð fer fram sama dag og hefst kl. 11:00 og lýkur kl. 11:30. Þriðja uppboðsumferð hefst kl. 13:30 og stendur til 14:00. Framhald uppboðsumferða er endurtekið með sama hætti daglega alla virka daga til loka uppboðs, sbr. kafla 5.3.3 eða 5.3.4. PFS áskilur sér rétt, ef nauðsyn krefur, að fresta uppboðsumferðum í ótiltekinn tíma, t.d. ef fram koma athugasemdir af hálfu bjóðanda sem PFS telur tilefni til að skoða nánar eða bregðast við með einhverjum hætti. Tengiliðir bjóðenda verða upplýstir um slíkt eins fljótt og auðið er og send ný og uppfærð tímaáætlun.

Eftir hverja uppboðsumferð birtast eftirfarandi upplýsingar á uppboðssíðu hvers bjóðanda:

- Staðfesting á að umferðinni sé lokið.
- Hvert sé hæsta gilda boð í hverja tíðniheimild og einkenni hlutaðeigandi bjóðanda.
- Hvert síðasta boð bjóðanda var. Einungis hlutaðeigandi bjóðandi sér sitt síðasta boð.
- Hvort um sé að ræða niðurtalningarumferð og númer hennar.

Geri bjóðandi ekki athugasemdir við þær upplýsingar sem hann fær að lokinni uppboðsumferð innan 30 mínútna teljast þær upplýsingar réttar og skuldbindandi.

45.3.3 Lok framkvæmdar uppboðs með niðurtalningu uppboðsumferða

Berist ekki gilt boð í neina af þeim tíðniheimildum sem eru í boði í fjórar uppboðsumferðir í röð, lýkur framkvæmd uppboðs. Niðurtalning á uppboðsumferðum hefst þegar umferð lýkur án

Þess að gilt boð hafi borist í einhverja tíðniheimild. Telst næsta uppboðsumferð án gildra boða þá vera fyrsta *niðurtalningarumferð*. Þriðja uppboðsumferð án boða telst vera önnur niðurtalningaumferð og fjórða uppboðsumferð án boða telst vera þriðja og jafnframt loka niðurtalningarumferð. Þegar þriðju niðurtalningarumferð (fjórða umferð án gildra boða) er lokið án þess að gilt boð komi í tíðniheimild lýkur framkvæmd uppboðsins og úrvinnsla PFS hefst. Framkvæmd uppboðs í allar tíðniheimildir á bæði 700 MHz, [800 MHz](#), 2100 MHz og 2600 MHz tíðnisviðunum lýkur því samhliða.

Berist gilt boð í einhverja tíðniheimild, á einhverju tíðnisviðinu, í annarri eða þriðju niðurtalningaumferð telst uppboðið ennþá vera virkt. Þarf þá að hefja nýtt niðurtalningarferli fyrir allar tíðniheimildir þegar umferð lýkur án þess að boðið sé í einhverja tíðniheimild.

Áréttað skal að uppboði lýkur ekki fyrir hverja tíðniheimild fyrir sig, hafi ekkert boð borist í tiltekna tíðniheimild í þrjár umferðir, heldur gildir niðurtalningin fyrir uppboðið í heild sinni, þ.e. hún hefst þegar ekkert boð hefur borist í neina af þeim tíðniheimildum sem í boði eru. Af þessu leiðir að það er nóg að bjóða í einhverja eina af þeim tíðniheimildum sem í boði eru til þess að halda öllu uppboðinu gangandi.

45.3.4 Lok framkvæmdar uppboðs samkvæmt ákvörðun

Byggt er á því að framkvæmd uppboðsins ljúki með niðurtalningaraðferð, sbr. kafla 5.3.3. PFS áskilur sér hins vegar rétt til að taka ákvörðun að uppboðinu skuli lokið þegar ákveðnum fjölda uppboðsumferða er náð, enda hafi uppboðinu ekki lokið með niðurtalningaraðferð að loknum a.m.k. 60 uppboðsumferðum. Hafi ekki komið til niðurtalningar innan þess fjölda uppboðsumferða getur PFS tekið ákvörðun um að uppboðinu ljúki eftir tiltekna umferð á ákveðnum degi sem að lágmarki skal vera með þriggja daga fyrirvara. Ef til þessa kemur er uppboðinu lokað þegar tilgreind lokaumferð hefur átt sér stað og ganga tíðniheimildir til hæstbjóðenda að henni lokinni.

Þegar uppboði lýkur lokast fyrir aðgang bjóðenda að vefsíðunni og úrvinnsla PFS hefst, sbr. kafla 5.5.

45.4 Ógilding uppboðsumferða

Tengiliður bjóðanda getur óskað eftir því að PFS ógildi síðastliðna uppboðsumferð vegna sannanlegra mistaka eða að tæknilegir örðugleikar hafi komið í veg fyrir þátttöku bjóðanda í uppboðsumferð eða önnur málefnaleg sjónarmið liggi til grundvallar fyrir ógildingu sem leitt geta til þess að eðlileg framgangur uppboðsins raskist eða eyðileggist. Skal slík ósk berast innan 30 mínútna frá því að uppboðsumferðinni, sem ógildingar er óskað á, lauk. PFS tekur ákvörðun um hvort til ógildingar á uppboðsumferð komi.

Vegna hugsanlegra mistaka, bilunar eða villu í búnaði og/eða uppboðskerfi getur PFS að eigin frumkvæði tekið ákvörðun um að ógilda síðastliðna uppboðsumferð, áður en ný uppboðsumferð hefst. Slík ákvörðun skal byggð á málefnalegum sjónarmiðum og með það að markmiði að tryggja og viðhalda eðlilegum framgangi uppboðsins í heild.

Ákvarðanir samkvæmt þessum kafla geta einungis komið til greina í undantekningartilvikum á grundvelli réttmætra væntinga og hagsmuna allra að leiðarljósi. PFS skal tilkynna tengiliðum bjóðenda eins fljótt og auðið er um ákvörðun sína eftir að hún er tekin.

Komi til þess að uppboðsumferð sé ógilt getur það leitt til þess að PFS ákveði að fresta framhaldi uppboðsins um ótiltekinn tíma, t.d. ef ágreiningur rís um ákvörðunina sem bjóðandi hyggst kæra til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

54.5 Úrvinnsla framkvæmdar uppboðs

Að lokinni framkvæmd uppboðsins mun PFS yfirfara alla framkvæmd uppboðsins og meta hvort hún hafi farið fram að fullu í samræmi við skilmála þessa og í framhaldinu taka ákvörðun um úthlutun tíðniheimilda samkvæmt 7. kafla.

56 Kæruheimild

Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar um synjun aðila á þátttöku, beitingu sekta eða annarra íþyngjandi ráðstafana, eða sem lúta að framkvæmd og niðurstöðu uppboðsins eru kæranlegar til úrskurðarnefndar um fjarskipti- og póstmál, sbr. 13. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæra frestar ekki framkvæmd uppboðs nema úrskurðarnefndin taki sérstaka ákvörðun þess efnis, sbr. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum. PFS áskilur sér þó rétt til að fresta uppboði komi fram kæra um framkvæmd uppboðsins.

Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar, nr. 36/2009, um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

67 Útgáfa tíðniheimilda

67.1 Almennt

PFS stefnir að því að gefa út tíðniheimild til handa þeim er átti hæsta gilda boð í hlutaðeigandi tíðniheimild innan þriggja vikna að aflokinni framkvæmd uppboðsins, að því tilskildu að fullnaðargreiðsla þáttökugjalds og boðsfjár hafi borist innan tilskilinna tímamarka. Útgáfa tíðniheimilda er með fyrirvara um að ekki sé farið í bága við skilyrði skilmálanna um tengsl milli þátttakenda og takmörkun á fjölda tíðniheimilda á hvern aðila, sbr. 3. kafla, , sbr. einnig c- og e- lið 3. mgr. 24. gr. reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum.

Sá bjóðandi sem á hæsta gilda boð í tíðniheimild skal að jafnaði fá úthlutað viðkomandi tíðniheimild, leiði yfirferð PFS á framkvæmd uppboðsins ekki til annars eða málefnaleg sjónarmið leiði til annarrar niðurstöðu. Í samræmi við hlutverk PFS um að fyrirbyggja fjarskiptatruflanir og markmið fjarskiptalaga um skilvirka nýtingu tíðnisviðsins og áskilur stofnunin sér rétt til að úthluta ekki þeirri tíðniheimild sem hæstbjóðandi bauð í gangi það gegn framangreindum sjónarmiðum. Mun PFS þá, eftir atvikum, taka ákvörðun um að úthluta viðkomandi annarri tíðniheimild af sömu stærð á sama tíðnisviði.

Komi í ljós við yfirferð PFS á framkvæmd uppboðs og yfirferð gagna frá bjóðanda, sem á hæsta gilda boð í tíðniheimild, að þátttaka hans í uppboðinu og/eða upplýsingagjöf hans hafi ekki verið í samræmi við skilmála þessa getur komið til þess að PFS taki ákvörðun um að úthlutun tíðniheimildar grundvallist ekki á hæsta boði.

Útgáfa tíðniheimildar markar formleg lok uppboðsins og gefur PFS út tilkynningu um það á heimasíðu sinni. Þrátt fyrir það getur komið þess að PFS aðhafist á grundvelli skilmála þessara, til að mynda til álagningar sekta, afturköllun tíðniheimildar o.s.frv. komi síðar í ljós atvik, er varða bjóðanda, sem gefa tilefni til slíkra aðgerða.

67.2 Greiðsla eftirstöðva þátttökugjalds

Í samræmi við kafla 4.2.2 ber bjóðanda að greiða mögulegar eftirstöðvar þátttökugjalds, en endanleg fjárhæð þess deilist á fjölda skráðra þátttakanda, óháð því hvort viðkomandi fékk úthlutað tíðniheimild í uppboðinu. Skal gjaldið greitt inn á reikning PFS samkvæmt reikningi sem stofnunin gefur út. Gert er ráð fyrir að gjaldið skuli greitt innan þriggja virkra daga frá dagsetningu reikningsins.

Fullnaðargreiða þátttökugjalds er skilyrði fyrir útgáfu tíðniheimildar.

67.3 Greiðsla fyrir tíðniheimild

Útgáfa tíðniheimildar til bjóðanda er háð greiðslu boðsfjárhæðar, sbr. 7. mgr. 11. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti.

Sá bjóðandi sem hlýtur tíðniheimild í uppboðinu skal ganga frá greiðslu boðsfjárhæðar tíðniheimildar með eingreiðslu innan 2 vikna frá því að framkvæmd uppboðsins lauk samkvæmt kafla 5.3.3 eða 5.3.4.

Fjársýsla ríkisins mun annast innheimtu gjaldsins sem rennur til ríkisins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga, nr. 132/2005, um fjarskiptasjóð, sbr. 3. gr. laga, nr. 179/2011, um breytingu á lögum um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005.

Auk þeirrar fjárhæðar sem greiða þarf á grundvelli uppboðsins skulu aðilar, sem fá úthlutað tíðniheimildum greiða árleg gjöld samkvæmt ákvæðum laga, nr. 81/2003, um fjarskipti og laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

78 Samningsbundnar sektir og önnur skilyrði

78.1 Bann við að tefja eða hindra framgang uppboðs

Aðilum sem óska þátttöku í uppboðinu og bjóðendum er óheimilt að viðhafa hegðun sem tefur, hindrar eða spillir framgangi uppboðsins. Verði aðili uppvís að slíkri hegðun að mati PFS getur komið til synjunar um þátttöku, álagningu sekta, brottvísunar úr uppboði og/eða afturköllunar tíðniheimildar.

78.2 Bann við ólögmætu samráði bjóðenda

Bjóðendum er óheimilt að viðhafa ólögmætt samráð í undirbúningi og þátttöku í uppboði þessu eða misnota markaðsráðandi stöðu sína, sbr. ákvæði IV. kafla samkeppnislaga, nr. 44/2005. Komi upp grunur um slíkt mun PFS vísa málinu til Samkeppniseftirlitsins.

78.3 Skuldbindingargildi boða

Tilboð í tíðniheimild eru bindandi og er hæstbjóðanda hverju sinni er óheimilt að draga boð sitt í tíðniheimild til baka. Er hann skuldbundinn til að greiða í samræmi við boð sitt, enda ljúki framkvæmd uppboðsins án þess að fram komi herra boð í viðkomandi tíðniheimild. Greiði bjóðandi ekki að afloknu uppboði í samræmi við boð sitt leiðir það til innheimtuaðgerða vegna reiknings fyrir tíðniheimildir, auk þess sem slíkt athæfi varðar sektum og gjaldfellingu

bankaábyrgðar. Skiptir ekki máli hvort boð er dregið til baka meðan á framkvæmd uppboðsins stendur eða að því loknu.

78.4 Brot á ákvæðum skilmála o.fl.

Brjótí aðili sem óskar þátttöku, eða bjóðandi, gegn ákvæðum skilmála þessara getur það varðað álagningu sekta, brottvísun úr uppboði og/eða afturköllunar tíðniheimildar samkvæmt ákvæðum skilmálanna. Ekki kemur til endurgreiðslu á þátttökugjaldi sem greitt hefur verið komi til þess að aðila sem óskar þátttöku eða bjóðanda verði ekki heimiluð þátttaka í uppboði, honum vikið úr uppboði eða tíðniheimild afturkölluð.

78.5 Sektor

Sektor vegna brota á skilmálum þessum geta numið allt að einföldu árgjaldi fyrir þau réttindi sem boðið er í, eða þeim mismun sem er á tilboði sem ekki er staðið við og þeirri greiðslu sem fæst fyrir réttindin í lok uppboðs, sbr. 7. mgr. 11. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003.

Með umsókn aðila um þátttöku í uppboðinu samþykkir hann heimild PFS til að leggja á sektor vegna brota sem tilgreind eru í þessum kafla.

78.5.1 Fjárhæð sekta vegna brota á skilmálum

Í 5. tl. 1. mgr. 14. gr. a laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, kemur fram að árlegt gjald fyrir hvert MHz til nýtingar fyrir almennt farsímanet, þ.m.t. 3G og 4G, nemur 256.500,- kr.

Í uppboði þessu inniheldur lágmarkseining sem hægt er að bjóða í 2x5 MHz. Árgjald fyrir slíka tíðniheimild er 2.565.000,- kr. en árgjald fyrir tíðniheimildir A ~~og~~ B ~~og~~ C á 700 MHz tíðnisviðinu er kr. 5.130.000,- kr., sbr. áður nefnd lög. Sé bjóðandi skráður til þátttöku með þeim hætti að hann geti boðið í tíðniheimildir á 700 MHz tíðnisviðinu er t.d. miðað við að álögð sekt geti numið allt að 5.130.000,- kr. fyrir brot á ákvæðum skilmála þessara.

78.5.2 Fjárhæð sektar vegna vanefnda á greiðslu hæsta boðs

Ef bjóðandi sem átti hæst boð í tíðniheimild stendur ekki við tilboð sitt, þrátt fyrir bann þess efnis, sbr. kafla 8.3, getur PFS ákveðið að leggja sektor/févíti á viðkomandi. Fjárhæðin skal að lágmarki nema þeim mismun sem var á boði hæstbjóðanda við framkvæmd uppboðs, sbr. 5. kafla og þeirrar fjárhæðar sem fékkst fyrir tíðniheimild að afloknu uppboði, sbr. hámark sekta samkvæmt kafla 8.5.1.

78.5.3 Greiðslur sekta

Greiða skal sektor með eingreiðslu. Fjársýsla ríkisins mun annast innheimtu sekta. Sé ekki gengið frá greiðslu eftir venjubundnar innheimtuaðgerðir verður m.a. gengið að þeirri tryggingu sem lögð er fram í samræmi við kafla 2.1.2 í skilmálum þessum.

78.6 Takmörkun bótaábyrgðar PFS

PFS ber ekki ábyrgð á tjóni sem bjóðandi kann að verða fyrir, beinu eða óbeinu, vegna bilana eða villu í rafræna uppboðskerfinu eða vefsvæði þess, og/eða vegna mistaka við framkvæmd uppboðsins, nema að rekja megi þau til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings af hálfu starfsmanns stofnunarinnar.

89 Efnisatriði í skilmálum tíðniheimilda

89.1 Almennt um skilyrði tíðniheimilda

Útgefnar tíðniheimildir á grundvelli uppboðs þessa verða bundnar þeim skilyrðum um útbreiðslu og uppbyggingu sem fram koma í skilmálum þessum. Þá getur PFS enn fremur kveðið á um önnur skilyrði í tíðniheimild enda eru slík skilyrði ekki meira íþyngjandi en sem fram koma í skilmálum þessum og telja verður eðlilega hluta tíðniheimildar.

PFS getur afturkallað tíðniheimildir standi tíðnirétthafi ekki við útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur og þau gæðaviðmið þjónustu sem fram koma í skilmálum þessum og útgefnar tíðniheimildar. Að öðru leyti skulu ákvæði fjarskiptalaga, nr. 81/2003, gilda um afturköllun og málsmeðferð vegna hennar. Eins getur PFS, á grundvelli laga nr. 69/2003, lagt á dagsektir uppfylli tíðnirétthafi ekki framangreind skilyrði skilmálanna og tíðniheimildar.

Meðal skilyrða sem sett verða í tíðniheimildum eru þau sem fram koma í eftirfarandi köflum 9.2-9.7

89.2 Skilvirk nýting tíðna

Gerð er krafa um að tíðniheimildir sem gefnar verða út í kjölfar uppboðs þessa verði teknar í *notkun* innan 12 mánaða frá útgáfu þeirra. Með notkun er átt við að fjarskiptaþjónustan sé virk og standi almenningi til boða með aðgengilegum hætti í áskrift og/eða frelsisnotkun. Að öðrum kosti áskilur PFS sér rétt til að fella tíðniheimildina niður án greiðslu skaðabóta. Sama gildir ef þjónusta tíðnirétthafa er lögð niður lengur en 6 mánuði samfelld.

Í því skyni að koma á laggirnar heildstæðri aðferð til mælingar á umferð í kerfinu áskilur PFS sér rétt til að leggja fram áætlun um hvernig mæla megir á reglubundinn hátt álagið á annatíma á afmörkuðu þjónustusvæði og hvernig nota megir umrætt gildi til að reikna út nýtni úthlutaðs tíðnisviðs.

PFS getur farið fram á að tíðnirétthafi breyti tæknieiginleikum sem tengjast tíðniúthlutun, þ.m.t. staðsetningu loftneta, í því skyni að auka hagkvæmni í tíðninotkun eða til þess að draga úr vanda vegna truflunar. PFS skal, í samráði við tíðnirétthafa, leitast við að halda kostnaði vegna slíkra breytinga í lágmarki.

Notkun tíðna skal lúta gildandi úrskurðum og tilmælum CEPT.

89.3 Nýting tíðnisviðsins

700 og 800 MHz tíðnisviðið skal notað fyrir háhraða farnetsþjónustu, þ.e. tæknilega hlutlaust fyrir þá þjónustu. Þjónustan skal vera í samræmi við staðla og skilgreiningar sem fram koma í gögnum frá ETSI, 3GPP og gildandi skilyrði frá CEPT (t.d. ECC ákvörðun ECC/DEC/(09)03) ásamt ESB tilskipun 2009/114/EC, sbr. ESB ákvörðun 2009/766/EC ásamt ákvörðun 2011/251/EU. Sjá einnig leiðbeinandi reglur ITU ITU-R M.2135-1 varðandi gæðamarkmið IP þjónustu.

Tíðnisvið tíðniheimilda E, F~~D~~, E og G~~F~~ á 2100 MHz og G~~,~~ H, I, J og K og L á 2600 MHz tíðnisviðinu er tæknilega hlutlaust.

Útgefnar tíðniheimildir munu ná til uppsetningar og starfrækslu radióstöðva, skiptistöðva og annars nauðsynlegs búnaðar í þeim tilgangi að veita farnetsþjónustu.

Allur kerfisbúnaður farnetsins og þjónustu skal vera í samræmi við hlutaðeigandi staðla sem í gildi eru hverju sinni í þeirri mynd sem ETSI birtir þá.

89.4 Breytingar og afturköllun á tíðniheimild

PFS getur afturkallað heimild sem gefin er út í kjölfar uppboðs þessa ef leyfishafi stendur ekki í skilum með greiðslur vegna uppboðins, rekstrargjalda eða annarra gjalda, er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða verður úrskurðaður gjaldþrota. Sama gildir ef leyfishafi stendur ekki við skilyrði um útbreiðslu samkvæmt skilmálum þessum. Að öðru leyti skulu gilda ákvæði laga um fjarskipti, nr. 81/2003, um afturköllun og málsmeðferð vegna hennar.

Á grundvelli 12. gr. fjarskiptalaga er PFS heimilt, þegar sérstaklega standur á, svo sem vegna breytinga á löggjöf, heimilt að breyta skilyrðum fyrir úthlutun réttinda. Þá getur stofnunin afturkallað réttindi til notkunar tíðna í þágu almannahagsmuna ef mikilvægar forsendur fyrir réttindunum breytast eða bresta, t.d. en ekki eingöngu vegna alþjóðlegra samþykktu sem Ísland er aðili að.

Leiði breytingar á gildistíma heimildarinnar til skerðinga á réttindum leyfishafa samkvæmt heimild þessari öðlast hann ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

89.5 Eftirlit með tíðniréttthafa

Tíðniréttthafi skal sæta eftirliti með starfsemi sinni og fjárhag af hálfu PFS, eins og nánar er kveðið er á um í 4. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. PFS er enn fremur heimlit að grípa til úrræða sem kveðið er á um í 5. gr. sömu laga, þ.e. að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsingar þessar skulu veittar munnlega eða skriflega, allt eftir ákvörðun PFS og innan þeirra tímamarka sem stofnunin setur.

Sem hluta af eftirliti með starfsemi tíðniréttthafa og fjárhagstöðu getur PFS krafist þess að hann afhendi stofnuninni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda síns og aðrar sambærilegar upplýsingar.

PFS getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækisins og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til þess að ætla að brotið hafi verið gegn lögum, nr. 81/2003, um fjarskipti eða framangreindum lögum, nr. 69/2003, reglum eða einstökum ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga, nr. 88/2008, um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

Tíðniréttthafi skal láta PFS í té allar þær tölfræðilegu upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegt að safna í þeim tilgangi að fylgjast með þróun á fjarskiptamörkuðum, t.d. upplýsingar varðandi fjölda notenda, stærð fjarskiptaneta, umferð um fjarskiptanet, fjölda bilana, fjölda kvartana, notendagjöld, tekjur, útgjöld og fjárfestingar. PFS getur í þessum tilgangi sent út spurningalista með reglulegu millibili og ber tíðniréttthafa að svara þeim innan þess tíma sem stofnunin ákveður.

Tíðniréttthafi skal tilkynna PFS ef breyting er gerð á nafni hans, heimilisfangi eða fyrirsvari.

89.6 Fjarskiptavirki

Tíðnirétthafa er heimilt að setja upp fjarskiptavirki, önnur en búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, sem hluta af fjarskiptanetum sínum án sérstakrar heimildar hverju sinni.

Uppsetning radióstöðva (móðurstöðva), sem nota tíðnir samkvæmd tíðniheimild sem gefin er út á grundvelli uppboðs þessa, er háð útgáfu leyfisbréfs. Tilkynna skal fyrirfram til PFS um uppsetningu radióstöðva og tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radióstöð, þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, pólun geislunar og sendistyrk. PFS áskilur sér rétt til að takmarka geislað afl á hverjum sendistað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir líklegar truflanir, sbr. kafla 3.2.4.5. og 9.4.

89.7 Netbúnaður og truflanir

Allur radióbúnaður sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að búnaður uppfylli kröfur R&TTE tilskipunarinnar (1999/5/EC).

Tíðnirétthafi skal tryggja að búnaður á hans vegum valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum fjarskiptum. Ber honum að tilkynna PFS um truflanir sem honum eru kunnar, hvort sem þær eru af völdum hans nets eða á því. PFS getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að koma í veg fyrir vanda vegna truflana. Tíðnirétthafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum PFS um að bæta úr truflavanda sem stafar af búnaði hans. Leyfishafi skal bera ábyrgð gagnvart notendum sínum að því er varðar truflanir innan farsímakerfis.

PFS getur látið innsigla búnað, sem veldur skaðlegum truflunum eða bannað notkun hans, sbr. 64. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur PFS afturkallað réttindi til tíðninotkunar.

89.8 Skilyrði vegna útgeislunar og umhverfis

Tíðnirétthafi skal sjá til þess að rafsegulgeislun frá búnaði á vegum hans séu innan þeirra marka sem tilgreind eru í leiðbeiningum gefnum út af ICNIRP, um rafsegulgeislun eða í samræmi við viðmið sem eru í íslenskum reglum eða lögum.

Tíðnirétthafi skal sjá til þess að búnaður á vegum hans sé ekki settur upp eða rekinn á stað með þeim hætti sem veldur því að samanlögð rafsegulgeislun á þeim stað fari yfir þau mörk sem tilgreind eru með leiðbeiningum ICNIRP og eða eru sett í íslenskum reglum og lögum. Uppsetning og frágangur búnaðar tíðnirétthafa skal vera í samræmi við tilmæli Alþjóðafjarskiptasambandsins ITU-K.52.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í tilmælum ICNIRP, reglum eða viðeigandi íslenskum stöðlum skal tíðnirétthafi bæta úr því án tafar, á eigin kostnað, eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis.

Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvort öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal sá tíðnirétthafi sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu, á eigin kostnað, með því að tryggja að almenningur hafi ekki aðgang að svæðinu eða hætta notkun hans.

– Þátttökublað

Þátttökubeiðni

**fyrir rafrænt uppboð á 700 MHz, 2100 MHz og 2600 MHz tíðnisviðunum
sem fram fer (...) á vegum
Póst- og fjarskiptastofnunar.**

Þátttakandi:

Nafn: _____

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Sveitarfélag og póstnúmer: _____

Símanúmer: _____

Netfang: _____

Fyrirvarsmaður:

Nafn: _____

Staða: _____

Kennitala: _____

Vinnusími: _____

Netfang: _____

Tengiliður í uppboði:

Nafn: _____

Staða: _____

Kennitala: _____

Vinnusími: _____

Netfang: _____

Ofangreindur umsækjandi um þáttöku í uppboði lýsir því yfir að hann óski þátttöku í uppboðinu og skuldbindi sig til þess að fara eftir skilmálum uppboðsins í einu og öllu.

Staður: _____

Dagsetning: _____

Undirskrift*

*Til þess að þáttökubeiðni teljist gild þarf undirritun allra þeirra sem þarf til að rita firmað samkvæmt samþykktum félagsins og er í þeim tilvikum því ekki nægjanlegt að framkvæmdastjóri eða prókúruhafi undirriti þáttökubeiðnina. Enn framur þurfa öll gögn sem um getur í 4. kafla skilmála uppboðs að fylgja beiðni um þáttöku.

Sendist til:

*Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík*

Vinsamlegast athugið:

Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum um önnur atriði en þau sem koma fram hér að ofan ef þurfa þykir.

Viðauki 2

– *Sértækar útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur um uppbyggingu dreifikerfis með aukningu sendastaða (skýrsla Mannvits)*

Viðauki 3

– *Leiðbeiningar BEREC um innleiðingu á reglum um nethlutleysi*

Viðauki 4

– *Reglugerð nr. 2015/2120/EB um ráðstafanir varðandi opinn Netaðgang*